

# ÁRSSKÝRSLA 2007

---

## FINANCIAL STATEMENTS 2007



HITAVEITA  
SUÐURNESJA HF





**HITAVEITA  
SUÐURNESJA HF**

## ÁRSSKÝRSLA 2007

### EFNISYFIRLIT

Hitaveita Suðurnesja hf . . . . .	2
Skipulag og stjórn . . . . .	4
Starfsmannafélag Hitaveitu Suðurnesja hf . . . . .	6
Fréttaveitan . . . . .	7
Orkuver . . . . .	9
Vatnsdeild . . . . .	17
Rafmagnsdeild . . . . .	20
Innkaupa- og birgðadeild . . . . .	24
Viðhaldsdeild . . . . .	25
Upplýsingasvið . . . . .	26
Tæknideild . . . . .	26
Starfsmannahald . . . . .	27
Gæðamál . . . . .	29
Öryggismál . . . . .	29
Skrifstofa . . . . .	30
Raforkukaup og raforkusala . . . . .	32
Fjármál . . . . .	33
Lykilstærðir . . . . .	37
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar . . . . .	39
Áritun óháðra endurskoðenda . . . . .	40
Rekstrarreikningur ársins 2007 . . . . .	41
Efnahagsreikningur 31. desember 2007 . . . . .	42
Eiginfjárfirlit ársins 2007 . . . . .	43
Sjóðstremisýfirlit ársins 2007 . . . . .	44
Skýringar . . . . .	45
Endorsement by the board of directors and management . . . . .	79
Independent Auditors' Report . . . . .	80
Income Statement for the year 2007 . . . . .	81
Balance Sheet as at 31 December 2007 . . . . .	82
Statement of change in Equity for the year 2007 . . . . .	83
Statement of Cash Flows for the year 2007 . . . . .	84
Notes to Financial Statements . . . . .	85

## HITAVEITA SUÐURNESJA HF

Ársins 2007 verður líklega aðallega minnst fyrir hið mikla rót sem varð á eignarhaldi fyrirtækisins í kjölfar þeirrar ákvörðunar ríkissjóðs að selja 15,2% hlut sinn í opinberu útboðsferli. Verðið sem fékkst fyrir hlutinn (gengi 6,7) var rúmlega þrefalt innra virði fyrirtækisins í byrjun árs (2,1) og leiddi það m.a. til sölu fleiri hluthafa. Í árslok höfðu þannig 48,6% hlutafjárins skipt um eigendur auk þess sem Hafnarfjörður hefur ákveðið að selja sinn hlut að mestu. Gangi það eftir hafa 61% hlutafjárins skipt um hendur og Reykjanesbær þá í raun einn eftir af upprunalegu hluthöfum fyrirtækisins ef frá eru talin 1,25% í eigu 4 sveitarfélaga á Suðurnesjum. Það verður fróðlegt að sjá hvað nýtt ár ber í skauti sér, m.a. vegna boðaðra laga um eignarhald og aðskilnað samkeppnis- og einkaleyfisþátta en það mun væntanlega styrkja stöðu ríkisfyrirtækjanna á orkumarkaði enn frekar eins og fyrri breytingar hafa gert.

Annað sem einkenndi árið 2007 mjög var framhald hinna umfangsmiklu virkjunarframkvæmda fyrirtækisins, bæði á Reykjanesi og í Svartsengi. Raforka streymdi frá Reykjanesi allt árið og voru framleiddar 849,3 GWst en önnur raforkuframleiðsla var 365 GWst. Aukning raforkuframleiðslunnar milli ára nam 332 GWst eða 37,6%. Framkvæmdum við Reykjanesvirkjun var þó ekki að fullu lokið og námu fjárfestingar þar um 600 m.kr. auk um 400 m.kr. vegna endurborunar hola 13 og 14 og um 550 m.kr. við borun hola fyrir næsta 50 MW áfanga virkjunarinnar. Vinna við Orkuver 6 í Svartsengi, sem hófst formlega 31. mars 2006, hélt áfram á árinu og hófst raforkuframleiðsla þar um miðjan desember. Bókfærður kostnaður við Orkuver 6 og nýjar safnæðar var alls 2,9 milljarðar.

Í maí 2005 var undirritað samkomulag milli HS hf, Reykjanesbæjar og Norðuráls um sameiginlega athugun á möguleikum þess að byggja álver í Helguvík. Samkvæmt samkomulaginu vinnur HS hf nú að athugun á möguleikum til orkuöflunar fyrir slíkt álver og hefur m.a. þess vegna fengið rannsóknarleyfi á tveimur mögulegum virkjunarsvæðum á Krýsuvíkursvæðinu og framlenging rannsóknarleyfa í Trölladyngju og við Sandfell. Til að afla orku fyrir fyrsta áfanga er horft til stækkunar Reykjanesvirkjunar, frekari nýtingar vökvans þar, virkjunarmöguleika í Eldvörpum og síðan með tilfærslu eldri samninga fyrirtækisins. Orku til annars áfanga er síðan stefnt að því að fá frá virkjunarkostum á Krýsuvíkursvæðinu.

HS hf seldi á árinu meginhluta flutningsmannvirkja sinna til Landsnets hf. Með raforkulögum sem tóku gildi 2005 var fyrirtækinu gert skylt að selja eða leigja flutningsmannvirki sín til Landsnets hf og valdi HS hf í upphafi að leigja mannvirkin. Á árinu var hinsvegar ákveðið að selja eignir sem bókfærðar voru á rúmlega milljarð en leigja áfram húseignir sem bókfærðar eru á um 400 m.kr.

Upptekt úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi var mjög svipuð og árið áður eða 10,426 milljón tonna á móti 10,541 milljónum tonna 2006 og minnkaði um 1,16%. Niðurdæling jókst enn eða úr 4,400 milljónum tonna í 4,716 milljón tonna (7,18% aukning) og minnkaði þá nettó upptektin um 7,13%. Upptekt úr jarðhitakerfinu á Reykjanesi jókst úr 14,4 milljónum tonna í 23,2 milljónir tonna eða 61,6% enda var Reykjanesvirkjun í fullum rekstri allt árið 2007 en 8 mánuði 2006.



### ÍBÚAFJÖLDI 01.12.2007 Á ORKUVEITUSVÆÐI HITAVEITU SUÐURNESJA HF

	Hitaveita	Hitaveita	Rafmagn	Rafmagn	Vatnsveita*	Vatnsveita*
Reykjanesbær . . . . .	13.256	54,21%	13.256	21,54%	13.256	54,21%
Grindavík . . . . .	2.760	11,29%	2.760	4,49%	2.760	11,29%
Sandgerði . . . . .	1.723	7,05%	1.723	2,80%	1.723	7,05%
Garður . . . . .	1.451	5,93%	1.451	2,36%	1.451	5,93%
Vogar . . . . .	1.225	5,01%	1.225	1,99%	1.225	5,01%
	<b>20.415</b>	<b>83,48%</b>	<b>20.415</b>	<b>33,18%</b>	<b>20.415</b>	<b>83,48%</b>
Hafnarfjörður . . . . .	0	0,0%	24.839	40,37%	0	0,0%
Garðabær (hluti) . . . . .	0	0,0%	2.540	4,13%	0	0,0%
Álfþanes . . . . .	0	0,0%	2.361	3,83%	0	0,0%
			<b>29.740</b>	<b>48,33%</b>		
Vestmannaeyjar . . . . .	4.040	16,52%	4.040	6,57%	4.040	16,52%
Árborg . . . . .	0	0,00%	7.334	11,91%	0	0,0%
<b>Alls . . . . .</b>	<b>24.455</b>	<b>100,00%</b>	<b>61.529</b>	<b>100,00%</b>	<b>24.455</b>	<b>100,00%</b>

\* Í Grindavík og Sandgerði sér HS hf eingöngu um vatnsöflunina.

## SKIPULAG OG STJÓRN

Aðalfundur Hitaveitu Suðurnesja hf fyrir árið 2006 var haldinn 30. mars 2007 í Eldborg í Svartsengi. Á fundinum urðu þrjár breytingar á stjórn fyrirtækisins. Úr stjórninni gengu þá þeir Ellert Eiríksson, Reykjanesbæ, Jón Gunnarsson, Vogum og Ingimundur Guðnason, Garði. Í stað þeirra komu þau Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ, Elliði Vignisson, Vestmannaeyjabæ og Sigmar Eðvarðsson, Grindavíkurbæ. Að loknum aðalfundinum var haldinn stjórnarfundur þar sem stjórnin skipti með sér verkum og var hún þá þannig skipuð:

**Formaður:** Áni Sigfússon, Reykjanesbæ  
**Varaformaður:** Gunnar Svavarsson, Hafnarfjarðarbæ  
**Ritari:** Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ  
**Meðstjórnendur:** Björn H. Guðbjörnsson, Reykjanesbæ  
 Elliði Vignisson, Vestmannaeyjabæ  
 Magnús Gunnarsson, Ríkissjóði  
 Sigmar Eðvarðsson, Grindavíkurbæ

### Varamenn í stjórn voru kjörnir þessir:

**Varamenn í stjórn:** Böðvar Jónsson, Ríkissjóði  
 Eysteinn Jónsson, Reykjanesbæ  
 Laufey Erlendsdóttir, Garði  
 Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarbæ  
 Sigurður Valur Ásbjarnarson, Sandgerðisbæ  
 Steinþór Jónsson, Reykjanesbæ  
 Þorsteinn Erlingsson, Reykjanesbæ

Eftir mikil viðskipti með hlutabréf fyrirtækisins í kjölfar sölu ríkissjóðs var haldinn hluthafafundur í Eldborg föstudaginn 20. júlí. Á þeim fundi urðu fjórar breytingar á stjórn fyrirtækisins og var hún í árslok þannig skipuð:

**Formaður:** Áni Sigfússon, Reykjanesbæ  
**Varaformaður:** Ásgeir Margeirsson, Geysi Green Energy  
**Ritari:** Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ  
**Meðstjórnendur:** Guðbrandur Einarsson, Reykjanesbæ  
 Gunnar Svavarsson, Hafnarfjarðarbæ  
 Harpa Gunnarsdóttir, Orkuveitu Reykjavíkur  
 Jón Sigurðsson, Geysi Green Energy

### Varamenn í stjórn voru kjörnir þessir:

**Varamenn í stjórn:** Einar Þorsteinsson, Geysi Green Energy  
 Eysteinn Jónsson, Reykjanesbæ  
 Jóna Lárusdóttir, Orkuveitu Reykjavíkur  
 Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarbæ  
 Ragnar Guðgeirsson, Geysi Green Energy  
 Steinþór Jónsson, Reykjanesbæ  
 Þorsteinn Erlingsson, Reykjanesbæ

### Hlutfjáreign í Hitaveitu Suðurnesja hf skiptist þannig 31.12.2007:

Reykjanesbær . . . . .	2.590.422.503	34,748%
Geysir Green Energy. . . . .	2.385.541.120	32,000%
Orkuveita Reykjavíkur . . . . .	1.236.172.576	16,582%
Hafnarfjarðarbær . . . . .	1.149.368.544	15,418%
Grindavíkurbær . . . . .	37.947.592	0,509%
Sandgerðisbær. . . . .	24.077.589	0,323%
Garður. . . . .	23.858.347	0,320%
Vogar . . . . .	7.427.729	0,010%
<b>Samtals . . . . .</b>	<b>7.454.816.000</b>	<b>100,000%</b>

### Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu forstöðu:

**Forstjóri:** Júlíus Jónsson  
**Aðstoðarforstjóri:** Albert Albertsson



Árni Sigfússon



Ásgeir Margeirsson



Björk Guðjónsdóttir



Guðbrandur Einarsson



Gunnar Svavarsson



Harpa Gunnarsdóttir



Jón Sigurðsson



Júlíus Jónsson



Albert Albertsson



## STARFSMANNAFÉLAG HITAVEITU SUÐURNESJA hf

Frá því síðasta ársskýrsla kom út hefur starf félagsins ekki tekið neinum stakkaskiptum. Sama stjórn var kjörin áfram á síðasta aðalfundi og hefur hún haldið áfram að byggja ofan á það starf sem félagið stendur fyrir. Það er þó ekki laust við að árið 2007 hafi verið hálf undarlegt og tel ég það vera vegna óvissu og hræringa með eignarhald á fyrirtækinu. Mikið var af fréttum um okkar góða fyrirtæki og fólk fylgdist með en var ekki alltaf að skilja atburðarásina. Mér fannst doði yfir félagsmönnum vegna þessa og endurspegladist það í minni þátttöku og ákveðnu áhugaleysi. Þurfti félagið til að nefna að hætta við einn viðburð vegna lélegrar þátttöku og illa var mætt á suma þeirra. En það er skoðun mín að leiðin liggja bara upp á við aftur, stöðugleiki er að komast á og engin þörf á að örvænta. Ég held að starfsmannafélagið verði áfram öflugt, dyggilega stutt af fyrirtækinu og stjórn þess. Félagið sendi t.d. tvö erindi á stjórn á s.l. ári og var mjög vel tekið í þau bæði. Það segir mér að félagið verður áfram dyggilega stutt og að málefni þess njóta skilnings.

Það helsta sem félagið stóð fyrir á síðasta ári var:

### Árshátíð

Hún var haldin í Stapa 3. mars að hætti félagsins, þriggja rétta hátíðarkvöldverður, heimatilbúin skemmtiatriði og mikið gaman. Góð mæting var og félagsmenn duglegir að taka þátt í að skemmta sér sjálfir. Mörg góð atriði litu dagsins ljós sem vöktu hlátur hjá flestum. Hljómsveit á eftir og var dansað fram á nótt. Þemað var „Rautt og rómantískt“ og gaman var að sjá hvað margir tóku þátt með því að mæta í rauðu.

### Vorferð

Hætt var við fyrirhugaða vorferð í byrjun júní vegna ónægrar þátttöku en til stóð að fara í Hvammsvík eins og undanfarin ár.

### Grillveisla

Var haldin í Vestmannaeyjum í lok ágúst. Þar hefði sannarlega mátt vera betri mæting en boðið var upp á skemmtilega dagskrá og sáu félagar okkar í Eyjum að stórum hluta um undirbúning eins og þeim einum er lagið. Golfklúbbur Hitaveitunnar var með „Ólundamótið“, farið var í siglingu, skoðunarferð um eyjuna og svo var auðvitað grillveislan sjálf á laugardagskvöldið. Frábær matur, varðeldur, fjöldasöngur, flugeldasýning og allur pakkinn. Og ekki skemmdi fyrir að heimamenn buðu upp á reyktan lunda áður en fólk yfirgaf samkomuna.

### Spilakvöld

Var haldið 5. október og var þátttaka dræm. Sest var niður með allskonar spil, spilaður borðtennis og pílukast svo eitthvað sé nefnt. Félagið mun þó ekki láta deigan síga heldur reyna aftur síðar.

### Jólanetbingó

Var haldið í desember í gegnum heimasíðu okkar. Mörg fyrirtæki gáfu okkur vinninga og voru þeir glæsilegir. Í aðalvinning var fartölva sem Geysir Green Energy gaf. Við sendum öllum félagsmönnum einn miða til að allir væru með og svo seldum við einn aukamiða á kr. 500 og rann andvirði þess óskipt til Umhyggju, stuðningsfélags langveikra barna.

### Jólahlaðborð

Var svo haldið 14. desember. Fullt af gimilegum jólamat, skemmtikraftar litu inn og fleira. Félagsmenn greiddu kr. 1.000 í aðgangseyri sem rann einnig óskiptur til Umhyggju. Alls söfnuðust kr. 115.000 í þessu tvennu, jólahlaðborð og sölu aukamiða bingó og Hitaveita Suðurnesja lagði annað eins á móti þannig að við fórum með ávísun upp á kr. 230.000 og færðum Umhyggju 5. janúar s.l.

### Sumarhúsin

Þó nokkuð gerðist í sumarhúsamálum félagsins. Stjórn HS hf var ritað bréf og óskað eftir að íbúðin á Akureyri yrði seld og annað hús keypt í staðinn og einnig að fyrirtækið aðstoðaði félagið við að eignast þriðja valkostinn. Vel var tekið í erindið og í framhaldinu var íbúðin að Einholti 16D Akureyri seld 1. desember og pantað sumarhús sem staðsett verður í Kjarnabyggð í staðinn. Verður það tilbúið til afhendingar síðla árs 2008. Þá gerðum við könnun meðal félagsmanna hvar við ættum að hafa þriðja húsið okkar staðsett og var mikill vilji til að hafa það erlendis, í Kaupmannahöfn. Farið var af stað og íbúð fundin þar en þegar þetta er skrifað er aldeilis ekki víst að við kaupum hana, lög um íbúaskyldu hamlu því. Erum við þessa dagana að skoða aðra kosti og er þar efst á borðinu að kaupa í London. Félagið á fyrir sumarhús í Húsafelli og er það í stöðugri útleigu, allar vikur yfir orlofstímann og ásókn í það á öðrum tímum mjög góð.





### Heimasíðan

www.sfhs.is hefur verið virk og er ómetanleg hjálp til að tengja saman dreifða félagsmenn. Fréttir af því helsta birtast þar sem og auglýsingar og tilkynningar.

### Að lokum

Vil ég þakka öllum sem komu að starfi félagsins með einum eða öðrum hætti. Það ætti öllum að vera ljóst og hef ég margoft

sagt þá skoðun mína, að starf félagsins verður ekki öflugra en þeir félagar sem í því eru. Við höfum fullan stuðning stjórnar og stjórnenda og kann ég þeim bestu þakkir fyrir.

F.h. stjórnar SFHS, Víðir S. Jónsson formaður

## FRÉTTAVEITAN

Alls voru gefin út sex tölublöð árið 2007 sem var tuttugasta útgáfuárið. Efni blaðsins var með hefðbundnu sniði, fréttir og umfjöllun um helstu viðburði af fyrirtækinu og starfsmönnum þess.

Ritstjórar skrifuðu pistla í öll blöðin en fastir liðir voru úrdrættir fundargerða stjórnar fyrirtækisins, fréttir og hugleiðingar forstjóra, Albert Albertsson skrifaði fræðandi pistla, fréttir voru frá framkvæmdum við Orkuver 6 og fréttir frá starfsmannafélaginu svo eitthvað sé nefnt. Fréttir voru einnig frá því helsta í starfsstöðvum fyrirtækisins í Svartsengi, Hafnarfirði, Selfossi, Vestmannaeyjum og Njarðvík. Talsvert var skrifað um eignarhald fyrirtækisins enda var það fyrirferðamikilið á árinu. Yfirheyrsla á starfsmönnum hélt áfram, tveir í hverju blaði. Ýmsir svöruðu samviskuspurningu og tölvupósti og nýr aðili skrifaði hugleiðingar sínar yfir kaffibollanum í hvert blað.

Hönnun blaðsins og útlit hefur verið í stöðugri þróun og verður svo áfram. Nýtt merki fyrir blaðið var hannað af Jóhanni F. Friðrikssyni hjá Intro.

Farið var á öll bókasöfn á veitusvæði fyrirtækisins og þeim afhent Fréttaveitan í innbundnu formi, alls þrjár bækur, sem spanna útgáfutíma frá upphafi 1987 til ársloka árið 2004. Það var Björn Stefánsson sem afhenti bækurnar en hann var ritstjóri frá upphafi blaðsins til ársloka 2005.

Þann 14. desember var haldið upp á 20 ára afmæli blaðsins með margvíslegum hætti. Tölublað 221 var gefið út og var Birni Stefánssyni, fært fyrsta eintakið. Keili háskólasamfélagi var færð innbundin Fréttaveita. Kunngerð voru úrslit í ljósmyndasamkeppni sem staðið var fyrir í tilefni afmælisins og í framhaldi af því opnuð ljósmyndasýning með 20 ljósmyndum. Ljósmyndasamkeppnin var af mannvirkjum fyrirtækisins. Þá var vefurinn Hver.is fornlega opnaður en hann er gagnagrunnur með öllum blaða- sem og öðrum greinum, ljós- og kvikmyndum frá upphafi fyrirtækisins til dagsins í dag.

Eftir dagskrá á Brekkustíg 36 Njarðvík var farið með afmælisgesti í rútuferð, Orkuverið Jörð skoðað í Reykjanesvirkjun og Orkuver 6 í Svartsengi.

**FRAMKVÆMDIR - FJÁRFESTINGAR 2007 - þús. kr.**

Á árinu voru fjárfestingar ívið minni en árið áður og námu fjárfestingar í orkuverum og veitukerfum 5.746 m.kr. (6.257 m.kr. árið áður) og alls 6.541 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum (6.412 m.kr. árið áður) og voru helstu fjárfestingaliðir þessir:

	<b>Dreifikerfi rafm.</b>	<b>Dreifikerfi hitaveitu</b>	<b>Aðveitu- stöðvar</b>	<b>Dreifikerfi o.fl. vatnsv.</b>	<b>Samtals</b>
Reykjanesbær . . . . .	89.203	103.134	0	166.751	359.088
Grindavík . . . . .	47.646	27.924	843	0	76.414
Sandgerði . . . . .	17.831	18.279	0	0	36.109
Garður . . . . .	5.500	18.873	0	3.922	28.295
Vogar . . . . .	4.010	4.467	0	47.395	55.871
Hafnir . . . . .	99	0	0	206	306
Keflavíkurflugvöllur . . . . .	558	0	0	0	558
Flugstöðvarsvæði . . . . .	491	1.446	0	0	1.937
Hafnarfjörður . . . . .	196.630	0	2.295	0	198.925
Garðabær . . . . .	46.650	0	0	0	46.650
Álftanes . . . . .	2.496	0	0	0	2.496
Árborgarsvæði . . . . .	39.839	0	0	0	39.839
Vestmannaeyjar . . . . .	29.792	11.786	7.860	250.116	299.555
	<b>480.743</b>	<b>185.909</b>	<b>10.999</b>	<b>468.390</b>	<b>1.146.041</b>
Kyndistöð Vestmannaeyjum . . . . .				9.412	
Jarðhitarannsóknir Vestmannaeyjum . . . . .				323	9.734
Borholur og safnæðar . . . . .				481.010	
Borholur og safnæðar - vél 3 . . . . .				572.415	
Orkuver Reykjanesi . . . . .				520.805	
Aðveitustöð Reykjanesi . . . . .				14.868	
221 kV lína Reykjanes - Rauðimelur . . . . .				-651	
Aðveitustöð Rauðamel . . . . .				-666	1.587.781
Orkuver 6 Svartsengi . . . . .				2.744.524	
Safnæðar Svartsengi . . . . .				151.730	
Nýjar borholur Svartsengi . . . . .				12.812	
Orkuver 5 Svartsengi . . . . .				21.573	
Stjórnstöð Svartsengi . . . . .				1.156	
Jarðsjávarveita . . . . .				11.065	
Niðurdæling . . . . .				5.819	
Aðrar fjárfestingar Svartsengi . . . . .				116	
Dælustöð heitt vatn . . . . .				2.675	
Orkurannsóknir Trölladyngju . . . . .				5.696	
Orkurannsóknir Hallkels- og Klausturh. . . . .				106	
Orkurannsóknir Krýsuvík . . . . .				45.619	3.002.892
					<b>5.746.448</b>
Undirbúningur nýrra aðalstöðva . . . . .				3.066	
Aðrar fasteignir . . . . .				492	
Verkfæri og mælar . . . . .				3.372	
Upplýsingakerfi . . . . .				35.126	
Tölvu- og skrifstofubúnaður . . . . .				9.990	
Farartæki- og vinnuvélar . . . . .				42.308	94.354
Hlutfé Farice hf. . . . .				495.300	
Hlutfé Bláa lóninu hf . . . . .				162.222	
Hlutfé Keilir ehf . . . . .				35.000	
Hlutfé Vistorka ehf . . . . .				4.856	
Hlutfé Netorka ehf . . . . .				3.281	700.659
					<b>6.541.461</b>
<b>Framkvæmdir og fjárfestingar samtals</b>					<b>6.541.461</b>



## ORKUVER

### FRAMLEIÐSLA HITAVEITUVATNS

Vatnsmagn frá orkuveri 2007 var 10.376.226 tonn sem er um 4% aukning frá síðasta ári og um 35% aukning frá 1998. Varmaorkuframleiðslan var um 659 GWst. Mest orkuframleiðsla var í desember eða 69,7 GWst og mest framleiðsla í tonnum talið var í desember eða 1.034.492 tonn. Mesta mælt hámarksrennsli frá orkuveri var 31. desember eða 417,3 l/s. en hámarksálag einstakan dag var 19. janúar eða 105,16 MW í varma.

Vatnsnotkun að Vallarheiði var 2.457.980 tonn sem er minnkun um 519 þúsund tonn eða um 21% milli ára, sem skýrist af minnkandi umsvifum vegna brotthvarfs Varnarliðsins. Orkunotkun var um 111,3 GWst sem er minnkun um 15,6%. Þá er meðalhitastig á bakrennslisvatni um 9°C lægra nú en 1998, þ.e. betri nýting á framrásarvatni.

Mest orkunotkun var í janúar eða 12,4 GWst. Hámarksálag einstakan dag var 18. janúar eða 19,9 MW í varma. Vatnsnotkun að Vallarheiði er nú aðeins helmingur þess sem hún var 1998.

Vatnsnotkun í byggðunum, frá dælustöð Fitjum, var 8.678.597 tonn sem er aukning frá síðasta ári um 490 þúsund tonn eða um 6%. Hámarksálag var í desember eða 64,97 MW í varma. Vatnsnotkun í byggðum, frá dælustöð Fitjum, er nú tæplega 26% meiri en 1998.

Vatnsnotkun til Grindavíkur var 1.615.601 tonn sem er aukning um tæp 6% milli ára og er hún nú um 39% meiri en árið 1998.

Vatnsnotkun að flugstöðvarsvæði var 460.515 tonn sem er um 8,5% minnkun milli ára, en vatnsnotkun að flugstöðv-arsvæði er nú um 50% meiri en 1998.

Heildarframleiðsla hitaveituvatns HS hf frá upphafi er nú um 217,7 milljón tonn sem jafngilda um 14.810 GWst. Engar mark-

tækar breytingar hafa komið fram á efnasamsetningu upphitaða vatnsins (hitaveituvatns) sem hitaveitan dreifir um Suðurnes frá orkuverum í Svartsengi.

### SVARTSENGI

#### – JARÐHITAVINNSLA OG EFNAVÖKTUN 2007

Hiti og þrýstingur var mældur í gufuholum á árinu, eins og venjulega. Vinnsla úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi árið 2007 var 331 kg/s að meðaltali. Heildarupptekt úr gufuholum á svæðinu á árinu var 10,43 milljón tonn. Til baðstaðar Bláa Lónsins hf. og að efnavinnslu Bláa Lónsins fóru 1,207 milljón tonn af jarðhitavökva eða um 38 l/sek að meðaltali.

Niðurdæling affallsvatns í holu SJ-17 á árinu var 4,72 milljón tonn sem eru um 150 kg/sek að meðaltali allt árið og er um 7% aukning frá fyrra ári. Stefnt er að því að auka niðurdælingu enn frekar. Nettó upptekt á árinu er því 5,71 milljón tonn, sem er 440 þúsund tonnum minna en árið áður.

Heildarupptekt úr svæðinu frá upphafi er um 253 milljón tonn og heildarniðurdæling frá upphafi er 31,76 milljón tonn. Nettó upptekt frá upphafi er því 221,41 milljón tonn. Niðurdráttur í vatnssvæðinu frá upphafi (1976) var orðinn um 310 metrar í árslok 2007 en hann hefur lítið breyst frá árinu 2002.

Á áratugnum 1980 til 1990 var vinnslan í Svartsengi að jafnaði um 250 kg/s og féll þrýstingurinn um 15 bar á þessu tímabili eða um 1,5 bar á ári. Þetta eru talin dæmigerð viðbrögð fyrir vatnsríkt kerfi. Þá dró úr og féll þrýstingurinn aðeins um 5 bór frá 1990 til 2000 eða um 0,5 bar á ári. Vinnslan þessi tíu ár var heldur minni en áratuginn á undan, en meginskýringin á hægari niðurdrætti er þó talin vera vaxandi suða í jarðhitakerfinu og aukin útbreiðsla gufupúðans.

Frá og með árinu 2000 jókst vinnsla úr svæðinu í yfir 350 kg/s þegar Orkuver 5 tók til starfa. Þrýstingur snarféll við þetta og var breytingin um 3 bar á ári fram til 2002. Strax á árinu 2001 var hafin niðurdæling í holu SJ-17. Í fyrstu var einungis dælt innan við 50 l/s en í árslok 2002 var niðurdælingin aukin og var þá komin í 130 l/s. Aukin niðurdæling er ástæða þess að þrýstingur hefur verið stöðugur Svartsengi frá 2002 til 2007, enda er verg vinnsla síðasta árið svipuð og áður en Orkuver 5 fór í gang í árslok 1999. Holu SV-21 var hleypt upp og gerð á henni þreppröfun í febrúar 2007 og benda niðurstöður prófunarinnar til þess að hún geti gefið 6 til 10 MW.

## REYKJANES

### – JARÐHITAVINNSLA OG EFNAVÖKTUN 2007

Árið 2007 var fyrsta heila starfsár Reykjanesvirkjunar. Heildarvinnsla á Reykjanesi á árinu 2007 var 23,21 milljón tonn, sem samsvarar ársmeðalvinnslu um 736 kg/s. Heildarvinnsla frá upphafi úr jarðhitageyminum á Reykjanesi er orðin 89,80 milljón tonn. Á fyrstu mánuðunum eftir að virkjunin var gangsett árið 2006 varð vart við snarpan niðurdrátt í svæðinu og nam þrýstifall vegna hans um 30 börum í október 2006. Svo virðist sem mjög hafi hægt á niðurdrætti og benda þrýstimælingar frá í október 2007 til að þrýstingur hafi aðeins lækkað um fáein bör frá því í október árið áður. Í viðhaldsstoppum í maí og ágúst gafst tækifæri til að athuga magn og gerð útfellinga í

#### RAFORKUFRAMLEIÐSLA 2007 VAR ÞESSÍ:

	GWst	% af heild	GWst	% af heild	% breyting
Vél 1 ( AEG - 1,0 MW )	0	0,00%	2.993	0,34%	-100,00%
Vél 2 ( AEG - 1,0 MW )	906	0,07%	2.750	0,31%	-67,05%
Vél 3 ( Fuji - 6,0 MW )	48.379	3,98%	45.645	5,17%	5,99%
Vél 4 ( Ormat - 1,2 MW )	8.573	0,71%	9.065	1,03%	-5,43%
Vél 5 ( Ormat - 1,2 MW )	8.658	0,71%	6.999	0,79%	23,70%
Vél 6 ( Ormat - 1,2 MW )	9.336	0,77%	10.070	1,14%	-7,29%
Vél 7 ( Ormat - 1,2 MW )	7.773	0,64%	8.298	0,94%	-6,33%
Vél 8 ( Ormat - 1,2 MW )	7.661	0,63%	8.129	0,92%	-5,75%
Vél 9 ( Ormat - 1,2 MW )	7.776	0,64%	8.423	0,95%	-7,68%
Vél 10 ( Ormat - 1,2 MW )	7.111	0,59%	8.260	0,94%	-13,92%
Vél 11 ( Fuji - 30,0 MW )	251.122	20,68%	261.751	29,66%	-4,06%
Vél 12 ( Fuji - 30,0 MW )	6.552	0,54%	0	0,00%	
	<b>363.846</b>	<b>29,96%</b>	<b>372.383</b>	<b>42,20%</b>	<b>-2,29%</b>
Vél 1 Reykjanesi (Fuji 50 MW)	419.663	34,56%	249.049	28,22%	68,51%
Vél 2 Reykjanesi (Fuji 50 MW)	429.636	35,38%	259.277	29,38%	65,71%
	<b>849.299</b>	<b>69,94%</b>	<b>508.326</b>	<b>57,60%</b>	<b>67,08%</b>
Vél R-1 (Terri - 0,5 MW)	0	0,00%	674	0,08%	-100,00%
Caterpillar diesel vél.	2	0,00%	2	0,00%	2,62%
	<b>2</b>	<b>0,00%</b>	<b>676</b>	<b>0,08%</b>	<b>-99,69%</b>
Gufuhverfill Kölkú (Helgúvík)	1.121	0,09%	900	0,10%	24,55%
Diesel vélar Hafnarfirði.	0	0,00%	3	0,00%	-100,00%
Diesel vélar Eyjum	55	0,00%	169	0,02%	-67,29%
	<b>1.176</b>	<b>0,10%</b>	<b>1.071</b>	<b>0,12%</b>	<b>9,78%</b>
	<b>1.214.322</b>	<b>100,00%</b>	<b>882.456</b>	<b>100,00%</b>	<b>37,61%</b>

## ORKUVER SVARTSENGI - FRAMLEIÐSLA 1976 - 2007

	Eining	2007	2006	Breyting 2007 - 2006	Samtals 1976 - 2007
Seld raforka út á net Svartsengi . . . . .	GWst	333,79	343,92	-2,95%	4.038,41
Eigin notkun raforku Svartsengi . . . . .	GWst	30,06	29,14	3,15%	495,51
<b>Samtals</b>	<b>GWst</b>	<b>363,85</b>	<b>373,06</b>	<b>-2,47%</b>	<b>4.533,92</b>
	<b>Eining</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>	<b>Breyting 2007 - 2006</b>	<b>Samtals 1976 - 2007</b>
Seld raforka út á net Reykjanes . . . . .	GWst	849.271	508.998	66,85%	1.358.270
Eigin notkun raforku Reykjanes . . . . .	GWst	27.769	15.514	78,99%	43.283
<b>Samtals</b>	<b>GWst</b>	<b>877.040</b>	<b>524.512</b>	<b>67,21%</b>	<b>1.401.553</b>
Vatnsframleiðsla . . . . .	Tonn	10.376.226	9.979.884	3,97%	217.739.595
Vatnsframleiðsla (orka) . . . . .	GWst	659,29	615,30	7,15%	14.809,61
<b>Svartsengi:</b>					
Upptekt úr jarðhitasvæði . . . . .	Pús. tonn	10,426	10,548	-1,16%	253,164
Niðurdæling í jarðhitasvæði . . . . .	Pús. tonn	-4,716	-4,400	7,18%	-31,759
	<b>Pús. tonn</b>	<b>5,710</b>	<b>6,148</b>	<b>-7,13%</b>	<b>221,405</b>
<b>Reykjanes:</b>					
Upptekt úr jarðhitasvæði . . . . .	Pús. tonn	23,207	14,364	61,57%	86,268
Niðurdæling í jarðhitasvæði . . . . .	Pús. tonn	0,000	0,000		0,000
	<b>Pús. tonn</b>	<b>23,207</b>	<b>14,364</b>	<b>61,57%</b>	<b>86,268</b>

## ORKUÖFLUN HITAVEITU Í VESTMANNAEYJUM

	2007 KWst	2007 %	2006 KWst	2006 %	Breyting %
Raforka . . . . .	55.273.261	78,17%	51.831.384	80,49%	6,6%
Sorpeyðingarstöð . . . . .	6.543.259	9,25%	4.610.839	7,16%	41,9%
Olía . . . . .	3.279.400	4,64%	1.515.250	2,35%	116,4%
Úrgangur . . . . .	44.000	0,06%	708.800	1,10%	-93,8%
Orka FES . . . . .	1.693.155	2,39%	1.494.475	2,32%	13,3%
Orka FIVE . . . . .	3.877.710	5,48%	4.234.150	6,58%	-8,4%
	<b>70.710.785</b>	<b>100,00%</b>	<b>64.394.898</b>	<b>100,00%</b>	<b>9,8%</b>



holutoppum vinnsluholna. Í ljós kom að verulegt magn útfellinga hafði myndast í holutoppum háþrýstari holanna, s.s. RN-23, en mun minna bar á útfellingum í lágþrýstari holunum, s.s. RN-15. Útfellingarnar reyndust að mestu leyti vera kopar og sink súlffíð.

Á vordögum 2007 voru boraðar tvær nýjar vinnsluholur á Reykjanesi, RN-25 og RN-26. Útúrborun á holu RN-14 lauk í byrjun árs og þá var borað út úr holu RN-13 á árinu. Útúrboruðu holurnar eru nefndar RN-13B og RN-14B og er þeim beint til suðurs. Af þessum nýju holum er hola RN-13B sú eina sem

hefur verið prófuð með blástursprófi og virðist hún geta gefið um 10 MW við 38 bar-g toppþrýsting. Hola RN-14B var tekin í rekstur fyrir vélasamstæðu 1 þann 28. mars 2007 án prófunar. Á árinu 2007 voru því samtals 11 gufuholur í rekstri fyrir Reykjanesvirkjun og iðnaðarsvæði.

Hola 13B var tengd kerfi 1 í janúar 2008. Með henni eru því nú samtals 12 gufuvinnsluholur í rekstri fyrir Reykjanesvirkjun og iðnaðarsvæði.

### ÝMSAR UPPLÝSINGAR UM BORHOLUR Í SVARTSENGI, TRÖLLADYNGJU OG ELDVÖRPUM

HÁHITAHOLOUR		Vinnslu		Framl.	Framl.	Niðurd.	Tengd	Athugasemdir
Borhola	Boruð	Dýpt	Fóðring	2007 millj. t.	alls millj. t.	alls millj. t.	við	
SVA H001	1971	262	10"	0,000	0	0		Köld hola - aldrei virkjuð
SVA H002	1972	239	9"	0,000	0	0		Ónothæf- fyllt af steypu 1983
SVA H003	1972	402	8"	0,000	3,853	0,000		Notkun hætt 1981; fyllt af steypu 1987
SVA H004	1974	1.713	9 5/8"	0,000	2,214	0,000		Notkun hætt 1979; fóðring skemmd, fyllt af steypu 2000
SVA H005	1974	1.519	9 5/8"	0,000	8,388	1,508		Notkun hætt 1988; fóðring skemmd, fyllt af steypu 1993
SVA H006	1978	1.998	9 5/8"	0,000	11,469	2,227		Notkun hætt 1990; skemmdist í hreinsiborun 1991
SVA H007	1979	1.438	13 3/8"	1,502	40,778	0,000	OV-2	Tvífasa hola
SVA H008	1979	1.604	13 3/8"	1,606	42,095	0,000	OV-2	Tvífasa hola
SVA H009	1979	994	13 3/8"	1,682	42,099	0,000	OV-2	Tvífasa hola
SVA H010	1980	425	13 3/8"	0,874	17,426	0,000	OV-5 & 1	Gufuhola
SVA H011	1980	1.141	13 3/8"	1,863	44,911	0,000	OV-2	Tvífasa hola
SVA H012	1981	1.488	13 3/8"	0,000	11,129	4,949		Tvífasa hola, notuð til mælinga
SVA H013	1981	60		0,000	0	0		Höggborshola sem er ónotuð
SVA H014	1993	612	8 5/8"	0,149	1,905	0,000	OV-1 & 5	Gufuhola sem var tengd síðla árs 1995
SVA H015	1992	140	8 5/8"	0,000	0	0		Rannsóknarhola v/ þrýstings í gufupúða
SVA H016	1998	448	13 3/8"	0,582	7,130	0,000	OV-5 & 6	Gufuhola sem var tengd 1999
SVA H017	1998	1.260	13 3/8"	0,000	0	23,075		Niðurdælingahola tengd 1999
SVA H018	1998	1.855	13 3/8"	0,843	8,841	0,000	OV-5	Tvífasa hola tengd 1999
SVA H019	1998	1.600	13 3/8"	0,695	8,170	0,000	OV-5	Tvífasa hola tengd 1999
SVA H020	2000	430	13 3/8"	0,443	2,572	0,000	OV-5 & 1	Gufuhola tengd 2000
SVA H021	2001	1.427	13 3/8"	0,185	0	0,000	OV-5 & 6	Tvífasa hola - tengd 2007
SVA H022	2008	862	13 3/8"	0,000	0	0,000	OV-5 & 6	Gufuhola tengd 2008
SVA H023	2008	0	13 3/8"	0,000	0	0,000	OV-5 & 6	Gufuhola, verður boruð 2008
Samtals		21.917		10,424	253,164	31,759		
Niðurdæling				-4,716	-31,759			
Nettó jarðhitavinnsla				5,708	221,405			
EG -2	1982	1.265	13 3/8"					Eldvörp, notuð m.a. til túristagosa
TRÖ H001	2001	2.307	13 3/8"					Trölladyngja; tilraunahola
TRÖ H002	2006	2.291	13 3/8"					Trölladyngja; tilraunahola
Samtals		4.598						





### ÝMSAR UPPLÝSINGAR UM BORHOLUR Á REYKJANESI:

HÁHITAHLUR			Vinnslu Fóðring	Framl. 2007 millj. t.	Framl. alls millj. t.	Tengd við	Athugasemdir
Borhola	Boruð	Dýpt					
RNG-1	1956	162		0,00	0,000		Rannsóknarhola
RNG-2	1968	301		0,00	0,000		Rannsóknarhola
RNG-3	1968	1.166		0,00	0,000		Rannsóknarhola
RNG-4	1968	1.036		0,00	0,000		Rannsóknarhola
RNG-5	1969	127		0,00	0,000		Rannsóknarhola
RNG-6	1969	572		0,00	0,000		Rannsóknarhola
RNG-7	1969	70		0,00	0,000		Rannsóknarhola
RNG-8	1969	1.754	9 5/8"	0,00	20,920		Ónothæf - fyllt af steypu 1993
RNG-9	1983	1.445	13 3/8"	0,00	28,310		Skemmd eftir hreinsiborun
REY H010	1999	2.054	13 3/8"	1,74	3,740	Vél 1	Borun lauk febrúar 1999 - er í fullum rekstri
REY H011	2002	2.248	13 3/8"	2,32	3,714	Vél 1	Borun lauk maí 2002 - er í fullum rekstri
REY H012	2002	2.506	13 3/8"	2,47	5,418	Vél 2	Borun lauk des. 2002 - er í fullum rekstri
REY H013	2003	2.457	13 3/8"	0,00	0,374		Borun lauk apríl 2003 - hrundi saman - endurboruð des/jan 06-7
REY H013	2007	2.531	13 3/8"	0,00	0,000	Vél 1	<b>Reykjanes; borun lauk febrúar 2007</b>
REY H014	2004	2.306	13 3/8"	0,00	0,059		Borun lauk jan. 2004 - hrundi saman - endurboruð des/jan 06-7
REY H014	2007	2.426	13 3/8"	0,58	0,580	Vél 1	<b>Reykjanes; borun lauk janúar 2007</b>
REY H015	2004	2.507	13 3/8"	1,31	2,183	Vél 1	Borun lauk mars 2004 - er í fullum rekstri
REY H016	2004	2.627	13 3/8"	0,00	0,000		Borun lauk maí 2004 - köld hola og ótengd
REY H017	2005	3.082	13 3/8"	0,00	0,000		Borun lauk febrúar 2005 - gaf lítið og hrundi í viðgerð.
REY H018	2005	1.815	13 3/8"	1,45	2,779	Vél 1	Borun lauk janúar 2005 - er í fullum rekstri
REY H019	2005	2.248	13 3/8"	1,45	2,411	Vél 2	Borun lauk mars 2005 - er í fullum rekstri
REY H020	2005	2.126	13 3/8"	0,00	0,028		Borun lauk maí 2005 - er skemmd og gaf lítið
REY H021	2005	1.713	13 3/8"	2,67	4,487	Vél 2	Borun lauk nóv 2005 - gaf lítið, skemmd og ótengd.
REY H022	2005	1.680	13 3/8"	3,10	4,989	Vél 2	Borun lauk des 2005 - er í fullum rekstri
REY H023	2006	1.928	13 3/8"	3,63	5,804	Vél 1	Borun lauk mars 2006 - er í fullum rekstri
REY H024	2006	2.115	13 3/8"	2,49	4,011	Vél 2	Borun lauk febrúar 2006 - er í fullum rekstri
REY H025	2007	2.180	13 3/8"	0,00	0,000		Boruð 2007
REY H026	2007	2.200	13 3/8"	0,00	0,000		Boruð 2007
REY H027	2008	1502	13 3/8"	0,00	0,000		Boruð 2008
REY H028	2008	0	13 3/8"	0,00	0,000		Verður boruð 2008
Samtals		50.886		23,21	40,576		

### RAFORKUFRAMLEIÐSLA 2007

Nýtt orkuver, Orkuver 6, vél 12, sem er 30 MW virkjun í Svartsengi, var tekin í notkun í desember eftir hreinsblástur á lagnakerfum og prófunarferli. Vélin fór í ýmsar prófanir frá 8. desember og var tekin endanlega í notkun inn á landskerfið 20. desember með rúm 20 MW í framleiðslu. Heildarframleiðsla frá vél 12 var þennann stutta tíma um 6,55 GWst.

Framleiðsla vélar 11 (30 MW) var um 251 GWst sem er 95,6% nýting en vélin fór í upptekt 4. til 21. september. Vél 3 (6 MW) var í framleiðslu allt árið fyrir utan árlega upptekt og hreinsun sem fór fram dagana 4. til 15. júní. Framleiðsla var 48,4 GWst og nýting 92%. Sameiginleg nýtni sjö Ormat hverfla (1,2 MW x 7) var um 77,3% sem er um 4% minni en árið áður.

Heildarraforkuframleiðsla véla í Svartsengi var á árinu 363,85 GWst sem er 2,35% minni framleiðsla en árið áður, sem skýrist m.a. af upptekt á vél 11 á árinu.

Framleiðsla vél 1 REY var 419,66 GWst og nýting 95,8%. Framleiðsla vélar 2 REY var 429,64 GWst og nýting 98,1%. Heildarframleiðsla REY frá hverflum var því 849,3 GWst og sameiginleg nýting hverfla Reykjanesvirkjunar þá 97%.

Eigin notkun orkuvers, ásamt dælustöð Fitjum og kalda vatnsveitu var samtals 31 GWst. Á Reykjanes fóru 3,87 GWst frá orkuverinu í Svartsengi.

Framleiðsla gufuhverfils við Kólku nam 1,12 GWst og var aukning milli ára um 13%.

### ÝMSAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI REKSTUR 2007

Tafla þessi sýnir viðbætur og breytingar í dreifikerfum HS

	Reykjanes- bær	Grinda- vík	Sand- gerði	Garður	Vogar	Hafnir	Byggð samtals
Rúmmál tengdra húsa - íbúðir	200.609	23.277	19.788	27.314	20.624	0	291.612
Rúmmál tengdra húsa - annað	87.652	22.106	9.968	0	6.596	0	126.322
Rúmmál aftengdra húsa - íbúðir	0	0	0	0	0	0	0
Rúmmál aftengdra húsa - annað	-9.894	-607	-1.512	0	0	0	-12.013
	278.367	44.776	28.244	27.314	27.220	0	405.921
Sala um mæla húsh. (m <sup>3</sup> )	180.562	113.903	404.727	6.606	6.400	657	712.855
Sala til sundlauga (m <sup>3</sup> )	181.275	90.195	22.554	73.301	35.066	0	402.391
Sala um mæla iðnaðarnota (m <sup>3</sup> )	64.037	92.142	25.985	10.908	3.904	314	197.290
Sala til sérstakra iðnaðarnota (m <sup>3</sup> )	14.246	29.100	0	142.461	14.703	5.964	206.474
	440.120	325.340	453.266	233.276	60.073	6.935	1.519.010
Sala á ferskvatni (m <sup>3</sup> )*	3.339.744	1.094.927	477.587	615.095	810.305	48.392	6.386.050
Sala um hemla 1.1.2007 l/m	12.770	3.033	1.680	1.341	1.014	121	19.959
Sala um hemla 31.12.2007 l/m	13.470	3.185	1.860	1.427	1.118	124	21.184
Viðbætur 2007 %	5,48%	5,01%	10,71%	6,41%	10,26%	2,48%	6,14%

Flugstöðin og aðrar byggingar þar eru taldar með Sandgerði.

\* Í Reykjanesbæ og Garði er bæði um „sölu“ og „notkun“ að ræða eftir kaup HS á vatnsveitum bæjanna. Flugvöllur er þar einnig meðtalinn.



## HELSTU REKSTRARSKERÐINGAR VORU ÞESSAR

Dagana 4. til 21. september var vél 11 (30 MW hverfill) úti vegna upptektar og viðhaldsvinnu. Þessi tími var einnig notaður

til að framkvæma miklar lagnabreytingar við gufuholur ásamt víðtækum nýtengingum vegna tilkomu Orkuvers 6. Vélin fór tvisvar út vegna truflana frá netkerfi, tvisvar var vélin tekin af neti vegna prófana og í þrígang var dregið úr álagi vegna vinnu og prófana.

Frá 7. til 19. ágúst var vél 1 REY (50 MW) úti vegna viðhalds og skoðunar á kerfi 1 og þar fyrir utan var vél 1 stöðvuð stuttlega tvisvar vegna viðhalds í gufuveitu. Vél 1 REY sló fimm sinnum út vegna truflana af jafnmörgum ástæðum.

Vél 2 REY (50 MW) var úti 2. til 15. maí vegna viðhalds og skoðunar á kerfi 2 og þar fyrir utan var vél 2 stöðvuð þrisvar vegna viðhalds í gufuveitu og vegna línuvinnu. Vél 2 sló þrisvar út vegna truflana frá netkerfi. Frá 4. til 15. júní var vél 3 (6MW) úti vegna árlegrar upptektar og hreinsunar á hverfli og gufuveitu.

Vél 4 Ormat var biluð 15. til 28 september, vél 7 Ormat var í upptekt 13. til 30. mars, vél 9 Ormat var biluð 1. til 12. desember og vél 10 Ormat var í upptekt 1. til 28. júní.

Ormat hverflar fóru alls 16 sinnum út, oftast stutt, vegna bilana og/eða truflana frá neti, þar af fjórum sinnum allar. Þá voru Ormat hverflar samtals níu sinnum stöðvaðir vegna ýmissar viðhaldsvinnu og prófana, þar af tvisvar allar.

K-8 nettengi rofi í Svartsengi fór níu sinnum út vegna truflana frá neti.

Samtals skráðar færslur um rekstrartruflanir allra véla í DMM voru um 50 talsins.

Varnar- liðið	Samtals	Vestmanna- eyjar	Samtals
0	291.612	0	291.612
0	126.322	27.624	153.946
0	0	0	0
-9.905	-21.918	0	-21.918
-9.905	396.016	27.624	423.640
5	712.860	810.927	1.523.787
0	402.391	0	402.391
41	197.331	404.289	601.620
0	206.474	0	206.474
46	1.519.056	1.215.216	2.734.272
599.623	6.985.673	669.412	7.655.085
7.093	27.052	0	27.052
6.170	27.354	0	27.354
-13,01%	1,12%	0,00%	1,12%

## HITAVEITUDEILD

### HEMLAR OG MÆLAR - breytingar 2007

Staður	HEMLAR			MÆLAR		
	Fjöldi 31.12.06	Breyting 2007	Fjöldi 31.12.07	Fjöldi 31.12.06	Breyting 2007	Fjöldi 31.12.07
Keflavík + Njarðvík . . . . .	3.536	217	3.753	83	9	92
Grindavík . . . . .	893	39	932	53	1	54
Sandgerði og Flugstöðvarsvæði . . . . .	544	33	577	32	1	33
Garður . . . . .	490	36	526	19	0	19
Vogar . . . . .	339	26	365	9	0	9
Hafnir. . . . .	47	1	48	2	0	2
Keflavíkurflugvöllur . . . . .	279	-3	276	0	0	0
<b>SAMTALS. . . . .</b>	<b>6.128</b>	<b>349</b>	<b>6.477</b>	<b>198</b>	<b>11</b>	<b>209</b>

## BREYTINGAR Í DREIFIKERFI 2007

### HITAVEITUDEILD

Staður	DREIFIKERFI			INNTÖK		
	Lengd (m) 31.12.06	Viðbætur (m) 2007	Lengd (m) 31.12.07	Lengd (stk) 31.12.06	Viðbætur (stk) 2007	Lengd (stk) 31.12.07
Keflavík . . . . .	89.468	352	89.820	2.080	21	2.101
Grindavík . . . . .	46.625	3.567	50.192	888	35	923
Njarðvík . . . . .	64.122	8.890	73.012	1.103	164	1.267
Sandgerði. . . . .	31.796	1.970	33.766	520	31	551
Garður . . . . .	28.972	1.032	30.004	482	36	518
Vogar o.fl. . . . .	19.622	451	20.073	334	28	362
Hafnir. . . . .	3.189	0	3.189	48	0	48
Keflavíkurflugvöllur . . . . .	64.765	-622	64.143	286	-5	281
Flugstöðvarsvæði . . . . .	6.545	220	6.765	18	1	19
<b>Samtals. . . . .</b>	<b>355.104</b>	<b>15.860</b>	<b>370.964</b>	<b>5.759</b>	<b>311</b>	<b>6.070</b>

Heildarlengd á pípum í kerfinu er nú um 371 km.

Á Keflavíkurflugvelli og við flugstöðina er tvöfalt kerfi, einnig er tvöfalt kerfi í hluta Njarðvíkur, en þar eru bakrennslispípur 6.055 metrar. Lenging lagna í dreifikerfinu var 4,5% á árinu 2007 ( var 7,7% 2006 ). Viðbótarfjöldi inntaka í byggðum, utan flugvallar var 5,4% á árinu 2007 (var 6,3% 2006)



## VATNSDEILD

### SUÐURNES

#### Hitaveita

Lagðir voru 15,9 km dreifikerfis á árinu og er lengd dreifikerfisins þá um 371 km. Aðveitu- og stofnæðar eru 63 km og lengd aðveitu-, stofn- og dreifikerfis er alls 434 km. Á árinu voru endurnýjaðar dreifikerfislagnir 1,6 km.

Lagt var inn í 320 hús á árinu og 9 hús aftengd og fjölgaði tengdum húsum því um 311. Fjöldi inntaka í árslok var 6.070.

Stærstu verk í einstökum sveitarfélögum voru:

- Reykjanesbær: Götulagnir í Dalshverfi 2, bakrásarlögn frá Ásahverfi að dælustöð Fitjum.
- Grindavík: Götulagnir í Efrahóp og Norðurhóp.
- Sandgerði: Lokið var við götulagnir í Hólshverfi og lagður stofn að hverfinu frá Sandgerðisvegi. Í Strandgötu voru endurnýjaðar lagnir frá Túngötu og norður undir Tjarnargötu.
- Garður: Götulagnir í Nýjaland og Kjóaland. Í Skagabraut var götulögn stækkuð.

Hemlagrindum fjölgaði um 349, mest í Reykjanesbæ, en þar fjölgaði hemlagrindum um 217. Vatnsmælum fjölgaði um 11. Í árslok voru hemlar 6.477 og vatnsmælar 209 eða alls 6.686.

Gerðar voru 6.079 verkbeiðnir, flestar vegna notendaskipta eða 2.410, vegna ýmissar þjónustu hitaveitu 1.658 og vegna breytinga á vatnsskammti 386. Á árinu voru skoðaðar 3.260 grindur sem eru 49% af heildarfjölda grinda. Í lagi reyndust 2.028 grindur eða 62% skoðaðra grinda. Bilanir í kerfi húseigenda reyndust vera 353.

Helstu viðhaldsverkefni voru: Lokið var við sementskústun og málun á undirstöðum Njarðvíkuræðar og þá var Grindavíkurgeymir sementskústaður á árinu. Unnið var við viðhald brunna og áburður og grasfræ borið á þann hluta Vogæðar sem endurnýjaður var 2005 og önnur valin stofnæðasvæði.

#### Kalt vatn

Á árinu voru lagðir um 2,5 km af stofnæð að Dalshverfi í Njarðvík. Lagðir voru 11,2 km dreifikerfis og 228 hús tengd.

Stærstu verkefni voru:

- Reykjanesbær: Götulagnir í Dalshverfi 2 og Hlíðahverfi, 1. áfangi.
- Garður: Götulagnir í Nýjaland og Kjóaland.

Lokið var byggingu á dælustöð í Dalshverfi í Njarðvík og hún tekin í notkun. Lokið var lagningu aðveituæðar að hverfinu nema kafla um vegsvæði Reykjanesbrautar er ólokið.

Á síðari hluta árs var boðin út lagning aðveituæðar að Vogum og bygging dælustöðvar fyrir Voga sem rísa mun við Stofnfisk.

Í Borgarvegi í Njarðvík var endurnýjuð götulögn í hluta götunnar. Gert var við steypuskemmdir á Grænásgeymi og hann kústaður.

Unnið var við viðhald á 59 heimæðum, þ.e. í Keflavík 45, í Njarðvík 9 og í Garði 5.



## VESTMANNAEYJAR

### Hitaveita

Lokið var við að leggja dreifikerfi á Eiðissvæðinu. Um áramótin höfðu flest fyrirtækin á svæðinu tengst hitaveitunni. Verið er að byggja eina byggingu á svæðinu til viðbótar og von er á annarri byggingu til viðbótar seinni hluta árs 2008, sem munu einnig tengjast dreifikerfinu. Starfsmenn HS sáu um þessa vinnu að mestu.

Þrjár bilanir urðu á árinu. Um var að ræða tærð rör vegna þess að krumpun misfórst í flest öllum tilfellum.

Nokkur rafkynnt hús skiptu úr rafkyndingu í hitaveitu á árinu en lítið var um mælaskipti miðað við undanfarin ár. Gert var við nokkur inntök en ekki var um skipulagt viðhald að ræða heldur gert við þegar þurfa þótti. Skipt var um nokkrar loftúður og stiga í brunnunum.

Lokið við að skipta um klæðningu á kyndistöðinni ásamt því að tréverk var allt málað. Hellulagt var fyrir framan stöðina og aðgengi að upplýsingaspjöldum. Upplýsingaspjöld voru hönnuð á árinu og sett upp á miðju ári. Á spjöldunum eru upplýsingar um fjarvarmaveituna og hraunhitaveituna sem einu sinni var.

Lokið var við að steypa þró fyrir olútanka ásamt tengingum og tankarnir teknir í notkun rétt fyrir jól. Verktakar sáu um upp-slátt og steypuvinnu en starfsmenn HS um alla lagnavinnu og tengingar.

Á vordögum komu í ljós töluverð rekstrarvandamál með rafskautaketilinn. Ákveðið var að setja upp nýja iðntölvu og skjámyndakerfi fyrir rafskautaketil og annan búnað kyndistöðvar. Einnig voru allir vélrænir íhlutir ketils annaðhvort endurnýjaðir, gert við þá og/eða stilltir. Eftir þessar aðgerðir er allur rekstur og stjórnun rafskautaketils með allt öðru og betra móti.

Öll gólf stöðvarinnar voru slípuð upp og lagt á sérstakt slitgott gólfefni.

### HITAVEITA SUÐURNESJA - RAFORKA

Sala / Notkun

2006 - 2007

KWst

	Alm.taxtar	Hitataxtar	Afltaxtar	
Suðurnes 2007	90.508.109	3.839.549	54.847.609	149.195.267
Suðurnes 2006	80.330.979	3.532.510	57.087.516	140.951.005
Breyting %	12,67%	8,69%	-3,92%	5,85%
Hafnarfjörður 2007	124.615.479	1.183.241	17.337.369	143.136.089
Hafnarfjörður 2006	111.054.821	1.158.117	18.165.240	130.378.178
Breyting %	12,21%	2,17%	-4,56%	9,79%
Vestmannaeyjar 2007	25.563.286	5.953.431	9.660.060	41.176.777
Vestmannaeyjar 2006	22.507.890	6.111.154	9.239.866	37.858.910
Breyting %	13,57%	-2,58%	4,55%	8,76%
Árborg 2007	29.551.280	600.775	15.675.150	45.827.205
Árborg 2006	28.906.320	502.520	15.745.548	45.154.388
Breyting %				
Samtals 2007	270.238.154	11.576.996	97.520.188	379.335.338
Samtals 2006	242.800.010	11.304.301	100.238.170	354.342.481
Breyting %	11,30%	2,41%	-2,71%	7,05%
% af heild	45,94%	1,97%	16,58%	64,48%





Aðeins 5,5 tonn af úrgangsolíu voru hreinsuð og brennd á árinu vegna framkvæmda við olíuþró og endurnýjunar á olíutönkum.

Um 150 hús eru enn rafkynt þar sem hitaveita er á svæðinu eða í nágrenni. Á árinu var lokið við að hanna/reikna og teikna

þau svæði þar sem rafkynt hús eru á og möguleiki að tengja við dreifikerfið. Á næstu árum þarf að gera áttak í því að fá eigendur rafkynttra húsa til að skipta yfir í hitaveitutengingu. Setja þarf tímatakmarkanir á þá afslætti sem eru í gangi svo húseigendur sjái sér hag í því að skipta yfir.

Vallarheiði	Ótryggð sala	Götu-lýsing	Samtals	Eigin notkun	Töp o.fl.	Samtals
25.070.728	9.675.344	3.704.214	187.645.553	49.632.404	8.853.016	246.130.973
42.263.800	5.286.764	3.740.583	192.242.152	40.975.784	10.518.623	243.736.559
-40,68%	83,01%	-0,97%	-2,39%	21,13%	-15,83%	0,98%
0	3.873.131	4.902.389	151.911.609	0	10.430.668	162.342.277
0	1.841.603	4.742.817	136.962.598	0	7.289.442	144.252.040
		3,36%	10,91%		43,09%	12,54%
0	71.997.168	936.661	114.110.606	0	2.818.391	116.928.997
0	68.139.066	989.475	106.987.451	0	3.935.718	110.923.169
		-5,34%	6,66%		-28,39%	5,41%
0	12.659.575	1.156.836	59.643.616	0	3.242.822	62.886.438
0	11.074.781	985.300	57.214.469	0	1.672.295	58.886.764
25.070.728	98.205.218	10.700.100	513.311.384	49.632.404	25.344.897	588.288.685
42.263.800	86.342.214	9.472.875	492.421.370	40.975.784	21.743.783	555.140.937
-40,68%	13,74%	12,96%	4,24%	21,13%	16,56%	5,97%
4,26%	16,69%	1,82%	87,26%	8,44%	4,31%	100,00%

## Kalt vatn

Tvær bilanir urðu á árinu á stofnæð á landi. Varnargarður sem liggur meðfram aðveitu niður Landeyjasand að dæluhúsi, skemmdist einu sinni á árinu vegna vatnavaxta en það tókst að gera við varnargarðinn áður en skemmdir urðu á aðveitunni. Þrisvar á árinu var farið á vinnuvél með heyrúllur til að verja vatnslögnina á Landeyjasandi vegna vatnavaxta.

Starfsmenn HS og Fjarhitunar fóru að vatnslindunum og könnuðu hvort hægt væri að virkja meira vatn á svæðinu. Töluverðir möguleikar eru á því að virkja meira vatn ef með þarf með litlum tilkostnaði.

Fjarhitun tók út vatnsveituna í landi, Eyjum og dælustöðina á Landeyjasandi. Ein af niðurstöðunum voru þær að gera breytingar á pípukerfinu svo hægt yrði að dæla með mismunandi vatnsþrýstingi inn á neðansjárvarvatnsleiðslurnar. Hugmyndin er komin frá starfsmanni HS í landi sem búið er að útfæra og teikna. Til stendur að framkvæma breytinguna á vordögum.

Samningaviðræður fóru fram á árinu milli HS og danska fyrirtækisins Nordiske kabel og Traadfabriker (NKT) um nýja neðansjárleiðslu. Haldinn var fundur í Kaupmannahöfn í apríl og samningsdrög kynnt. Athugasemdir gengu síðan á milli í sumar og í október komu Danirnir til Íslands þar sem samningurinn var kláraður og skrifað var undir. Nýja 8" neðansjárvarvatnsleiðslan verður tilbúin 10. júlí 2008 og verður þá siglt með hana til lands-

ins og hún lögð milli lands og Eyja. Töluverð undirbúningsvinna er eftir áður en hægt verður að leggja leiðsluna út og verður veturinn og vorið nýtt til þess. Staðsetja þarf allar lagnir sem leggja þarf nýju lögnina yfir, verja þarf gömlu lagnimar þar sem þær krossa nýju lögnina, hanna þarf fergingu og undirbúa alla vinnu í landi. Leggja þarf um 700 m langa plastlögn frá Skansi í Gjábakkafjöru.

Lögð var ný stofnlögn á Flötum. Smáragatan var tengd við dælukerfið Löngulág til að auka þrýsting. ESA eftirlitsnefnd EFTA tók út vatnsveituna í Eyjum og er von á skýrslu fljótlega á nýju ári. Í dreifikerfinu urðu 13 bilanir á árinu.

Tekin voru regluleg sýni úr vatnsveitunni ásamt einni heildarrannsókn sem fram fór í Svíþjóð. Útkoman var góð og öll sýni voru fullkomlega heilnæm.

Á árinu var skrifað undir samning við Ólsara ehf. um sölu vatns til fyrirtækisins og stendur til að reisa vatnsverksmiðju á þessu ári. Kanadískir aðilar standa á bak við þessa framkvæmd.

Dæluhús Friðarhöfn var allt klætt að utan, nýr stigi og pallur settur upp og gólf flísalögð. Lokið var við vinnu vegna iðntölvu og Intouch skjámyndakerfi en lítið var um mælaskipti á árinu.

34% meira af vatni var dælt til Vestmannaeyja á árinu miðað við árið 2006. Þessi aukning er vegna þess að vinnsla á loðnu og síld fer orðið meira til manneldis en áður var.

## RAFMAGNSDEILD

### SUÐURNES

Árið 2007 var með svipuðu móti og árið 2006 sem bæði einkenndust af mikilli uppbyggingu dreifikerfisins í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum. Rafmagnsdeildin hefur einnig komið talsvert að virkjanaf framkvæmdum í Svartsengi vegna Orkuvers 6 ásamt rekstrarverkefnum við Reykjanesvirkjun.

### Aðveita

Landsnet er orðinn eigandi að 132 kV flutningsmannvirkjunum en HS hefur séð um reksturinn sem hefur verið með hefðbundnum hætti.

### Dreifing háspennu

Lagðir voru 8.600 metrar af 12 kV streng á Suðurnesjum á árinu. Helstu verkefni voru strengir í Dalshverfi í Njarðvík að nýjum dreifistöðvum, framhald af strenglögn að Melhólabraut og Norðurhóp í Grindavík og Hólahverfi í Sandgerði. Nýjar og lagfærðar dreifistöðvar voru 11. Skoðanir dreifistöðva voru samkvæmt áætlun en lagfæringar eftir skoðanir hafa tafist vegna mikilla verkefna í nýframkvæmdum. Hafist hefur verið handa við að fá verktaka í lagfæringar skoðana.

### Dreifing lágspennu

Verkefni í lágspennudreifingu voru framhald af verkefnum undangengis árs. Þar er helst að nefna Dalshverfi II, Nesvelli og Ásahverfi í Njarðvík, Hólahverfi í Sandgerði, Norðurhóp í Grindavík og iðnaðarsvæði í Helguvík.



Alls voru tengdar 534 heimtaugar á Suðurnesjum, þar af 141 vinnuheimtaug. Skoðanir á nýjum virkjum og virkjum í rekstri hafa verið framkvæmdar samkvæmt áætlun. Sérskoðanir varðandi þríf og eftirlit í aðveitustöðvum og dreifistöðvum hafa reynst vel og voru festar í sessi og framkvæmdar eins og árið áður.

### Rekstrartruflanir

Taka þurfti rafmagn af virkjanasvæðinu á Reykjanesi þrisvar sinnum vegna framkvæmda og stillinga á búnaði og einnig varð rafmagnslaust á Suðurnesjum vegna bilunar hjá Landsneti.

Bilun í stýristreng frá Fitjum að riðbreytistöð leysti út báða rafalana fyrir Keflavíkurflugvöll. Nokkrar minni truflanir urðu vegna lagfæringa og stækkunar dreifikerfisins og má þar helst nefna skemmdir á 33kV háspennustreng til Voga þar sem rafmagnslaust varð meðan viðgerð fór fram.

## HAFNARFJÖRÐUR

### Dreifing háspennu

Lagðir voru 9.400 metrar af 12 kV háspennustreng á Hafnarfjarðarsvæðinu árið 2007. Í iðnaðarverfið Hellnahraun 2 voru lagðir 4.100 metrar af 12 kV háspennustreng og einnig voru lagðir háspennustrengir í Ásland 3, Hvaleyrarbakka, Hverfisgötu og í Garðahraun í Garðabæ. Lagðir voru 1.000 m að háspennustreng í sumarhúsasvæðið í Sléttuhlíð í Hafnarfirði. Settar voru upp nýjar dreifistöðvar á tólf stöðum. Þrjár voru settar upp í iðnaðarverfinu Hellnahrauni 2, tvær dreifistöðvar í Selhraunið, sem er iðnaðar- og þjónustusvæði á Völlumum og dreifistöðvar í Ásland 3, Völlum 5, Völlum 6 og í Garðahrauni og tvær í Kaupþúni í Garðabæ. Einnig var sett upp ein dreifistöð í Sléttuhlíð. Þá var

sett upp bráðabirgða dreifistöð í iðnaðarverfinu Kapelluhraun í Hafnarfirði, en þar verða settar upp tvær stöðvar árið 2008. Fengnir voru verktakar við uppsetningu og tengingar vegna fimm af þessum dreifistöðvum en aðrar voru tengdar af starfsmönnum HS. Skoðanir á dreifistöðvum voru samkvæmt áætlun, en vegna mikilla verkefna á árinu náðist ekki að framkvæma allar lagfæringar eftir skoðanir og færast þau verkefni til ársins 2008.

### Dreifing lágspennu

Lagðir voru 16.500 metrar af 1 kV dreifistregjum á Hafnarfjarðarsvæðinu árið 2007 og af þeim fóru 8.930 metrar í iðnaðarverfið Hellnahraun 2. Lagt var dreifikerfi í miðsvæði Valla og Sléttuhlíðina í Hafnarfirði og Garðahraun og Fitjahverfi í Garðabæ. Dreifikerfið var endurnýjað í Bröttukinn og í hluta af Hverfisgötu og unnið að styrkingu dreifikerfisins í Melabraut og í Reykjavíkurvegi.

Samtals voru tengdar 507 heimtaugar á Hafnarfjarðarsvæðinu, sem skiptist þannig að aðalheimtaugar voru 271 og vinnuheimtaugar 236.

### Rekstrartruflanir

Vegna lagningar á 132 kV jarðstrengs, í stað 132 kV loftlínunnar sem lá frá aðveitustöð Landsvirkjunar að Stekk í Hafnarfirði, varð að taka straum af öllu Hafnarfjarðarsvæðinu í stutta stund tvisvar á árinu, meðan tengt var yfir á 11 kV varatengingu. Fyrri skiptið var aðfaranótt 8. október og seinna skiptið aðfaranótt 19. október. Aðrar rekstrartruflanir urðu samtals fimm sinnum þegar útleysing varð í aðveitustöð vegna bilana á jarðstrengjum eða annarra ástæðna.

## VESTMANNAEYJAR

### Dreifing háspennu

Lokið var við að endurnýja raflagnir á Breiðabliksvegi og einnig í tveimur húsum á Kirkjuvegi og er þar með búið að endurnýja allar heimtaugar á Kirkjuvegi. Nýr stofnstrengur, sem liggur frá Kirkjuvegi upp á Túngötu, var endurnýjaður. Gamli strengurinn lá í gegnum lóðir og hafði bilað nokkrum sinnum. Skipt var um lagnir á Illugagötu og Brimhólbraut, að hluta, en það verk verður klárað á næsta ári. Nýr stofnstrengur var lagður frá spennistöð 22, Flatir, að götuskáp. Við Flatir stendur mikið af iðnaðarhúsnæði og hefur álag aukist þar undanfarin ár.

Skipt var um 8 götuskápa víða um bæinn. Bilanir á heimtaugum voru tvær og ein ný heimtaug var lögð á árinu.

Endurnýjaður var háspennustrengur sem liggur á milli dreifistöðva 34, Vesturvegur, og 22, Flatir, en gamli strengurinn var 6 kV. Þetta var gert sem hluti undirbúnings vegna spennubreytingar úr 6 kV í 11 kV sem varð síðar á árinu. Í tengslum við spennubreytinguna þurfti einnig að skipta um fimm spenna í dreifistöðvum.

Ýmsar lagfæringar voru gerðar á dreifistöðvum vegna skoðunar. Í dreifistöð 30, Hásteinn, var allur búnaður endurnýjaður,

spennir, háspennufelt og lágspennufelt ásamt lágspennutöflu. Það þurfti að spennubreyta 21 húsi í tengslum við spennaskiptin. Í spennistöð 34, Vesturvegur, var skipt út háspennufelti.

Í aðveitustöð I var gengið frá fjórum nýjum háspennurofum sem voru smíðaðir af Orkuvirki. Starfsmenn HS ásamt Orkuvirkismönnum gengu frá rofum. Tengingar inn á rofa voru í höndum HS manna.

Gengið var frá nýrri loftrist og lokað fyrir glugga í aðveitustöð II. Fyrirhugað er að ganga frá betri loftræstingu fyrir spennu á næsta ári.

Á árinu fór mikill tími í undirbúning að spennubreytingu raforkukerfisins. Raunar hefur undirbúningur staðið yfir í nokkur ár því við kaup á nýjum spennum hefur þess verið gætt að hægt væri, með lítilli fyrirhöfn, að breyta þeim úr 6 í 11 kV. Breytingin fór fram aðfaranótt föstudagsins 24. ágúst. Rafvirkjar HS frá Suðurnesjum, Hafnarfirði og Selfossi aðstoðuðu rafvirkja HS í Eyjum við spennubreytinguna. Aðgerðin gekk mjög vel en þó var tvennt sem kom upp á. Þegar spennu var hleypt á einn strenginn skaut hann út, en það var vitað að strengurinn væri tæpur. Fyrir nokkrum árum var búið að skipta um hluta strengsins og var verkið klárað í haust. Einnig bilaði háspennurofi í dreifistöð við spennubreytinguna.

### VINNSLA ÚR BORHOLUM VAR EFTIRFARANDI (millj. tonn):

	2007	2006	Breyting %
HSH- 7	1,502	1,542	-2,60%
HSH- 8	1,606	1,598	0,54%
HSH- 9	1,682	1,630	3,23%
HSH-10	0,874	0,901	-2,98%
HSH-11	1,863	1,818	2,50%
HSH-12	0,000	0,000	
HSH-14	0,149	0,153	-2,74%
HSH-16	0,582	0,773	-24,76%
HSH-18	0,843	0,919	-8,30%
HSH-19	0,695	0,842	-17,43%
HSH-20	0,443	0,372	19,17%
HSH-21	0,185	0,000	
	<b>10,426</b>	<b>10,548</b>	<b>-1,16%</b>
HSH-5/6/12/17; niðurdæling	( 4,716 )	( 4,400 )	7,18%
<b>Heildarvinnsla úr svæðinu</b>	<b>5,710</b>	<b>6,148</b>	<b>-7,13%</b>



Spennubreytingin mun fyrst og fremst skila sér í því að mun meiri orku er hægt að flytja um núverandi strengi en áður var og einnig mun afhendingaröryggi aukast.

### Dreifing lágspennu

Unnið var við endurnýjun gatnalýsingar. Aðallega voru útskipti á gömlum lömpum þar sem hús og búnaður voru farin að tærast og ryðga. Hluta af þeim lömpum sem teknir voru niður var hægt að endurnýta. Nýframkvæmd í gatnalýsingu var lýsing á Breiðabliksvegi og klárað að ganga frá lýsingu við leikskólann Sóla.

Endurnýjaðir voru 94 sölumælur á árinu.

Gengið var frá nýrri heimtaug í vatnsgeyminn í Hrafnaklettum og einnig var lagður stýristrengur á milli vatnsgeyma og verður klárað á næsta ári að tengja strengi. Talsverð vinna var við tengingar á dælum og rennislismælum fyrir hita- og vatnsveitu.

Á næsta ári stendur til að halda áfram með endurnýjun gamalla olíustrengja og götukassa í lágspennukerfi.

### Rekstrartruflanir

Þann 1. mars brann götuskápur í Foldahrauni og 15. október brann götuskápur á Strandvegi. Þann 24. ágúst brann háspennustrengur sem liggur á milli dreifistöðva 19 og 74. Sama dag bilaði háspennurofi í dreifistöð 62. Í september var grafið í streng við Dalaveg.

Keyrt var á fimm ljósastaura og varð að skipta um þá ásamt ljósabúnaði.

## ÁRBORG

### Dreifing háspennu

Sett var upp ný 630 KVA dreifistöð við Bleikjulæk, Hagalandi

og lagður að henni 240q háspennustrengur, 500 metrar að lengd. Auk þess var lagður 240q háspennustrengur milli dreifistöðva 24 - 34, u.þ.b. 1.300 metra langur til að fá hringtengingu á háspennukerfið.

Smíðaður var sökkull í dreifstöð 29, Ósabatnum og hún hækkuð um 1 metra í kjölfar flóða í Ölfusá í desember 2006.

### Dreifing lágspennu

Lagðir voru 500 metrar af 4x240q jarðstreng í Fossheiði til styrkingar á lágspennukerfi. Mikið var um lagnir í ný hverfi. Lagt var í 54 lóðir í Suðurbyggð, 70 lóðir í Hagalandi, í 6 lóðir í iðnaðarhverfinu Gagnheiði og 15 í Hellismýri. Í hesthúsa-hverfið Skeiðatröð var lagt í 10 lóðir og í 19 lóðir við Ólafsvelli á Stokkseyri.

Samtals voru lagðar heimataugar að 174 lóðum. 53 nýjar húsveitur voru tengdar við kerfið og skammtímatengingar voru 42. Á árinu voru settir upp 190 götuljósastaurar.

### Rekstrartruflanir

Þann 24. janúar bilaði liðabúnaður fyrir spennu í TRAFÓ dreifistöð 25, Gagnheiði 80. Þann 30. janúar eyðilagðist 240q háspennustrengur 11 Kv sem þjónar Stokkseyri og Eyrabakka, c.a 100 manna byggð. Rafmagnslaust var frá kl. 8.30 til kl. 17 eða samtals 8,5 klukkustund.

Aðrar bilanir á kerfinu voru lítilsháttar. Nokkrir strengir brunnu og slitnuðu og keyrt var á götuskápa og ljósastaura.

### Aðrar framkvæmdir

Öll götulýsing var endurunin við hringtorgið hjá Ölfusábrú og hluta af Austurvegi. Lagfæringar voru gerðar á dreifikerfi og dreifistöðvum í kjölfar athugasemda frá Skoðunarstofu. Strengir frá aflagðri dreifistöð í Hrísmýri voru rífnir og fjarlægðir.



## INNKAUPA- OG BIRGÐAÐEILD

Í töflunni hér að neðan má sjá þróun erlendra og innlendra innkaupa og umsvifa í starfsemi á birgðageymslum undanfarin ár. Hvað erlend innkaup varðar þá eru nýjar pantanir sem gerðar eru á árinu lítillega færri en árið 2006 en innflutningur hins vegar um þrefalt meiri hvað verðmæti varðar. Á árinu 2006 var hafinn undirbúningur að framkvæmdum við Orkuver 6 í Svartsengi og þá farið af stað með fjölmargar pantanir. Megnið af innflutningi vegna þeirra framkvæmda var hins vegar á árinu 2007 sem skýrir hina miklu aukningu milli ára. Nýframkvæmdir í dreifikerfum voru einnig umfangsmiklar á árinu, eins og árið áður, og hluti innflutnings þeim tengdur. Innlend innkaup voru einnig mikil á árinu þó svo innlendum pöntunum hafið fækkað úr 917 í 858. Þá fækkaði efnisafgreiðslum úr birgðageymslum úr 8.887 í 8.217.

Á árinu voru alls auglýst sextán útboð og þar af átta útboð á Evrópska efnahagssvæðinu. Eitt þeirra var útboð á framleiðslu og lagningu á nýrri neðansjárvatnslögn til Vestmannaeyja. Sjö voru vegna byggingar Orkuvers 6 í Svartsengi og af þeim voru tvö verkútboð. Þau átta útboð, sem eingöngu voru auglýst innlands, voru m.a. vegna framkvæmda við dælustöð í Dalshverfi

í Reykjanesbæ og við dælustöð í Vogum svo og vegna framkvæmda við endurnýjun vatnslagna í Borgarvegi í Reykjanesbæ. Útboðsgögn voru eins og undanfarin ár aðgengileg bjóðendum á heimasíðu Hitaveitunnar án endurgjalds sem, eins og áður, mælist vel fyrir og gengur snurðulaust.

Birgðageymslur fyrirtækisins eru fimm þ.e. í Njarðvík, Svartsengi, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Árborg. Birgðaverðir í fullu starfi eru fimm og einn í hlutastarfi auk birgðastjóra sem starfar við hlið innkaupastjóra. Birgðageymsla í Árborg er skv. samningi við Selfossveitur í umsjá birgðavarðar Selfossveitna. Að auki hefur undanfarin ár verið birgðageymsla við Reykjanesvirkjun og frá desember 2005 einnig við OV 6. Þær eru í umsjá birgðavarðar sem er starfsmaður Eyktar, aðalverktaka við byggingu virkjananna. Stefnt er að því að birgðageymslu OV6 verði lokað á árinu 2008 en ráðgert að geymslan á Reykjanesi verði áfram í notkun um óákveðinn tíma og umsjón með henni færst til birgðavarða í Njarðvík.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu þá hefur afgreiðslum fækkað frá fyrra ári en fjöldi afgreiðslna segir nokkuð um umfang

### ÞRÓUN ERLENDRA OG INNLENDRA INNKAUPA

Ár	Erlend innkaup						Innlend innkaup	Birgðageymslur	
	Fjöldi pantana	FOB-verð m.kr.	Aðflutn. gjöld m.kr.	Flutnings kostnaður m.kr.	Tryggingar m.kr.	Samtals m.kr.	Fjöldi pantana	Fjöldi afgreiðslna	Afgreiðslur pr. mán.
2007	82	1.418,7	21,2	59,3	6,6	1.505,8	858	8217	685
2006	89	497,8	6,4	42,9	1,5	548,6	917	8887	741
2005	113	2.231,7	20,5	111,0	5,8	2.369,0	820	7837	653
2004	66	96,0	6,2	7,9	0,3	110,4	760	6512	543
2003	32	90,1	6,1	5,9	0,3	102,4	760	6050	504
2002	29	54,7	2,1	3,0	0,2	60,0	640		426
2001	32					90,0	400		
2000	36	57,3	3,7	4,2	0,2	65,4	510		
1999	74	573,8	39,3	12,4	1,7	627,2	560		
1998	84	234,4	6,3	7,8	0,7	249,2	500		
1997	64	64,1	2,7	4,8	0,3	71,9			
1996	82	116,0	10,0	6,0	0,6	132,6			





starfseminnar í birgðageymslunum. Ef skoðaðar eru tölur frá 2003 í töflunni má sjá að starfsemin hefur aukist verulega. Birgðageymslan í Árborg bættist við árið 2004 þegar Hitaveitan yfirtók rekstur rafveitu Árborgar. Þá var strax gerður samningur við Selfossveitur um að starfsmaður þeirra sinnti birgðavörslu þar og síðan hefur bæst við einn birgðavörður í fullt starf, staðsettur í Njarðvík. Þá hefur birgðastjóri einnig aðstoðað og leyst af á álagstímum. Áður fyrr var ráðinn sumarmaður í þrjá til fjóra mánuði til afleysinga. Birgðadeildin er nú vel og hæfilega mönnuð miðað við fyrirsjánalegt umfang starfseminnar.

Heildarvirði birgða í árslok, að undanskyldum birgðum á Reykjanesi og vegna Orkuvers 6, var um 352 m.kr. sem er lækkun um 30 m.kr. frá fyrra ári. Á lagerum Reykjanesvirkjunar og Orkuvers 6 voru í lok ársins birgðir að virði um 155 m.kr.

## VIÐHALDSDEILD

Starfsmenn viðhaldsdeildar eru þrír, viðhaldsstjóri og tveir trésmiðir, eins og undanfarin ár og starfsemin með svipuðu sniði og áður. Viðhaldsdeildin annast allt viðhald og umhirðu húseigna HS hf á Suðurnesjum og að hluta einnig í Hafnarfirði og Árborg. Helstu húseignir á Suðurnesjum eru skrifstofur og tækjageymsla við Brekkustíg og Bakkastíg, lagerhúsnæði við Fitjabraut og dælustöð á Fitjum í Reykjanesbæ ásamt miðlunargeymum. Í Hafnarfirði er um að ræða skrifstofuhúsnæði og tækjageymslu. Aðveitustöðvar á Suðurnesjum, í Hafnarfirði og Árborg eru 15 talsins. Dreifistöðvar á Suðurnesjum eru 190, 130 í Hafnarfirði og 47 í Árborg. Viðhaldsstjóri annast öll samskipti við samningsbundna verktaka í helstu iðngreinum sem, eins og undanfarin

Starfsemi innkaupastjórahóps Samorku, sem HS hf á fulltrúa í, var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Á árinu var ákveðið að framlengja til eins árs samning við Siteco/Smith og Norland um kaup á götuljóssum í takt við ákvæði samnings frá 2003. Samningur við Sandblástur og Málmhúðun um kaup á ljósastaurum rann út á vormánuðum 2007. Á árinu voru ljósastaurar boðnir út að nýju, Sandblástur og Málmhúðun átti lægsta tilboð og var samið við fyrirtækið til þriggja ára með möguleika á framlengingu í tvö ár til viðbótar. Einnig var, í fyrsta sinn, farið í sameiginlegt útboð á ljósaperum. Niðurstaðan var að Volta átti hagkvæmasta tilboðið og var samið við Volta um kaup á ljósaperum í allt að fimm ár.

ár, hafa séð um hluta af viðhaldinu, ýmsar breytingar og smærri nýframkvæmdir. Hann sá einnig um eftirlit með framkvæmdum við dælustöð í Dalshverfi í Reykjanesbæ og dælustöð í Vogum.

Verkefni viðhaldsdeildar voru margvísleg að venju. Deildin annast reglubundið þríf og viðhald í aðveitu- og dreifistöðvum á Suðurnesjum skv. ákveðinni fastri áætlun og er það eitt af megin verkefnum deildarinnar. Farið er árlega í allar stöðvar á svæðinu.

Á árinu voru settar upp tólf nýjar dreifistöðvar á Suðurnesjum. Viðhaldsdeildin sá um að koma fyrir forsteyptum undirstöðum, að koma stöðvunum fyrir á þeim og allan frágang. Þá var unnið við viðgerðir og viðhald á dreifistöðvum á Eyrarbakka og Stokkseyri í Árborg.

Unnið hefur verið að viðhaldi Njarðvíkuræðar að undanfögnu undir stjórn viðhaldsdeildar, en æðin tengir orkuverið í Svartsengi við dælustöð á Fitjum í Njarðvík. Á árinu var unnið við kústu og málun steyptra undirstaða og innsteyptra járnhluta á kafla næst Fitjadælustöð.

Unnið var við ýmislegt viðhald á skrifstofubyggingu við Brekkustíg í Njarðvík, bæði innanhúss og utan og við ýmsar breytingar innanhúss, m.a. vegna nýrra starfsmanna.

## UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið Hitaveitu Suðurnesja annast, eins og nafnagiftin gefur til kynna, upplýsingakerfi fyrirtækisins. Til upplýsingakerfa telst allur tölvuhugbúnaður, tölvuvélbúnaður og símabúnaður fyrirtækisins fyrir utan iðntölvustýringar og þess háttar tækjabúnaðar.

Starfsmenn Upplýsingasviðs eru þrír. Það sem einkennir vinnu á upplýsingasviði fyrirtækisins meira en nokkuð annað eru þau miklu samskipti sem starfsmenn þess eru í við flesta starfsmenn fyrirtækisins. Þetta og aðkoma manna úr deildinni að mörgum verkefnum sem unnin eru í fyrirtækinu eru forrétindi sem fylgja starfinu.

Síðasta ár hefur mótast mikið af þeirri öru þróun sem á sér stað hjá orkufyrirtækjum landsins, ýmist vegna þróunar innan fyrirtækisins eða vegna boða stjórnvalda. Vegna nýrra raforkulaga hefur þurft að breyta ýmsu í upplýsingakerfum okkar. Við svona stórfelldar breytingar á raforkuiðnaðinum verður að gera ýmsar breytingar bæði á verklagi fyrirtækja og upplýsingakerfum þeirra.

## TÆKNIDEILD

Á síðastliðnu ári voru helstu verkefni tæknideildar við byggingu og gangsetningu Orkuvers 6 í Svartsengi og við lok framkvæmda við Reykjanesvirkjun.

Í Orkuveri 6 voru helstu verkefni tæknideildar hönnunaryrni vélbúnaðar og gangsetning (commissioning) orkuversins. Gangsetning innifelur yfirumsjón með samskiptum við tæknimenn Fuji Electric (vélarframleiðandinn) og samræming vinnu þeirra við rekstrarmenn orkuvera HS, verktaka og eftirlismenn hönnuða.

Efri hæð húseignar HS að Bæjarhrauni 14, Hafnarfirði, er leigð út og starfsmenn viðhaldsdeildar komu að vinnu við breytingar og lagfæringar er því tengdust.

Ekki er unnt að gera tæmandi grein fyrir öllum verkefnum deildarinnar en á þeim er enginn skortur og þau eru mörg og margvísleg.

Ákveðið var á árinu eftir skoðun á orkureikningakerfum og sam-anburði við núverandi kerfi að skipta um orkureikningakerfi og er undirbúningsvinna vegna þess komin í gang. Áætlað er að taka hið nýja kerfi í notkun á haustmánuðum 2008. Hið nýja kerfi keyrir innan Axapta kerfisins og nýtir því sama gagnagrunn og aðrir hlutar þess kerfis. Vonir standa til að í framhaldi af innleiðingu kerfisins náist betri samnýting á þeim mannskap sem vinnur við orkureikningakerfi og fjárhagskerfi innan Axapta.

Árið hefur farið í hin margþættu verk Upplýsingasviðs, að aðstoða notendur, endurnýja vélbúnað og uppfæra hugbúnað ásamt því að bregðast við því óvænta sem alltaf lætur á sér kræla. Aðkoma starfsmanna sviðsins hefur á liðnu ári einnig verið mikil í rekstri eða vinnu í upplýsingakerfunum vegna innleiðingamar á nýjum kerfum. Það þarf ákveðna þekkingu og reynslu í að vinna við kerfin til að fínþússa hvernig þau eru best notuð áður en rekstur þeirra færast að mestu í aðrar hendur.

Í Reykjanesvirkjun var unnið að rannsóknum á barnasjúkdómum virkjunarinnar og gerðar tillögur til úrbóta á næstu árum. Einnig var unnið við mat á afköstum borhola og gerðar tillögur að rekstri þeirra.

Tæknideild kemur að gerð fjárhags- og tímaáætlana og situr í verkefnisstjórn.

Önnur verkefni: Verkefnisstjórn byggingar á dælustöð fyrir Njarðvíkuræð. Einnig var hafinn undirbúningur að aukinni framleiðslu hitaveituvatns í Svartsengi.



## STARFSMANNAHALD

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu og var sérstaklega einkennandi starfslok vegna aldurs en alls létu fimm starfsmenn af störfum vegna aldurs.

Í Svartsengi létu tveir vélfræðingar af störfum, Björn Hersteinn Herbertsson hvarf til annarra starfa og Jón Magnús Vilhelmsson hætti vegna aldurs. Í hópinn bættust við vélfræðingarnir Þórhallur Sigurjónsson og Kristján Baldursson.

Á rafmagnssviði í Hafnarfirði létu af störfum vegna aldurs Sigurbjörn Sævar Einarsson, aflesari, og Sveinbjörn Ásgrímsson, aðstoðarmaður, einnig létu af störfum Árni Þór Bergsson, rafvirki og Eiríkur Jónsson, aðstoðarmaður, er þeir fóru til annarra starfa. Í Hafnarfjörð var ráðinn Páll Guðjónsson, rafveituvirki. Guðmundur Bertelsson, rafvirki, sem hóf störf hjá fyrirtækinu þegar HS tók við rekstri Keflavíkurflugvallar hætti störfum.

Á hitaveitusviði hætti Hallvarður Jónsson, pípulagningamaður, eftir að hafa verið í launalausu leyfi frá árinu áður.

Á skrifstofu urðu nokkuð miklar breytingar bæði í skipulagi og starfsmannahaldi. Sá sorglegi atburður varð í mars að Halldór Gunnar Hringsson, aflesari í Hafnarfirði lést um aldur fram. Blessuð sé minning hans. Þórunn Friðjónsdóttir sem áður gegndi starfi þjónustufulltrúa fór í starf álesara og lokunarmanns. Í Njarðvík lét af störfum vegna aldurs Steinn Erlingsson, bókarí og Guðrún Karitas Garðarsdóttir, aðalbókarí for til annarra starfa. Í framhaldi af því var skipulag á skrifstofu tengdu bókhaldi breytt

með þeim hætti að Sigrún Guðmundsdóttir sem áður gegndi starfi þjónustufulltrúa fór í starf bókara og ritari forstjóra, Harpa Sævarsdóttir varð skrifstofustjóri með ábyrgð á bókhaldi sem og þjónustu en áður hafði bókhald heyrt beint undir fjármálastjóra. Haukur Eiríksson sem áður gegndi starfi skrifstofustjóra fór í önnur verkefni í fjármáladeild en umsýsla vegna uppgjöra hjá fyrirtækinu hefur aukist mjög síðastliðin ár. Í starf þjónustufulltrúa var ráðin Sesselja Guðrún Halldórsdóttir. Í Vestmannaeyjum lét af störfum Sigfríð Björgvinsdóttir, aflesari og var Magnús Benónýsson ráðinn í hennar stað.

Á birgðasviði lét af störfum vegna aldurs Birgir Sveinsson, birgðavörður, og í hans stað var ráðinn Jón Þór Guðjónsson.

Á þróunar-, umhverfis- og tæknissvið voru ráðnir Ásbjörn Blöndal, rafmagnstæknifræðingur, Guðmundur Ómar Friðleifsson, yfirjarðfræðingur, og Ómar Sigurðsson, forðafraðingur.

Öllum þeim starfsmönnum sem létu af störfum eru þökkúð vel unnin störf í þágu fyrirtækisins og þeim óskað velfarnaðar í framtíðinni. Allir þeir sem hófu störf eru boðnir hjartanlega velkomnir í hópinn.

Starfsmannafjöldi Hitaveitu Suðurnesja hf var í lok ársins 128 í 126,3 stöðugildum á fimm starfsstöðum.

Eins og fyrr voru nokkrir lausráðnir starfsmenn vegna framkvæmda og við afleysingar og voru, að meðtöldum stjórnarmönnum, alls 179 manns greidd laun á árinu.

**STARFSMENN OG ÞJÓNUSTA**

	2007				2006			
	Fj. starfsmanna	Stöðugildi		Fj. starfsmanna	Stöðugildi			
Framkvæmdastjórn . . . . .	2	2,0		2	2,0			
Fjármála- og þjónustusvið . . . . .	27	25,3		28	26,3			
Orku- og markaðssvið . . . . .	1	1,0		1	1,0			
Þróunar-, umhverfis-, og tæknisvið . . . . .	6	6,0		2	2,0			
Gæða- og starfsmannamál . . . . .	1	37,0	1,0	35,3	1	34,0	1,0	32,3
Orkuver Svartsengi, stöðvar- og viðhaldsstjórn	2	2,0		2	2,0			
Stjórnþúnaður . . . . .	2	2,0		2	2,0			
Viðhald og eftirlit . . . . .	21	25,0	21,0	25,0	21	25,0	21,0	25,0
Forstöðumaður hitav- og ferskvatnsdeildar . . .	1	1,0		1	1,0			
Svæðisstjórn . . . . .	1	1,0		1	1,0			
Viðhald og eftirlit . . . . .	16	18,0	16,0	18,0	17	19,0	17,0	19,0
Forstöðumaður rafmagnsdeildar . . . . .	1	1,0		1	1,0			
Svæðisstjórn, hönnun . . . . .	3	3,0		3	3,0			
Tækniteiknun . . . . .	4	4,0		4	4,0			
Viðhald og eftirlit . . . . .	19	19,0		22	22,0			
Rafmagnsöryggismál . . . . .	4	4,0		4	4,0			
Mælar . . . . .	3	34,0	3,0	34,0	3	37,0	3,0	37,0
Upplýsingakerfi . . . . .	3	3	3,0	3	3	3,0	3	
Innkaup, birgðahald og viðhald mannvirkja . . .	2	2,0		2	2,0			
Birgðavarsla . . . . .	6	6,0		6	6,0			
Viðhald mannvirkja . . . . .	3	11	3,0	11	3	11	3,0	11
<b>Samtals . . . . .</b>		<b>128,0</b>	<b>126,3</b>		<b>129,0</b>	<b>127,3</b>		
Suðurnes - Njarðvík . . . . .	65	65,0		62	62,0			
Suðurnes - Svartsengi . . . . .	26	26,0		26	26,0			
Hafnarfjörður . . . . .	18	17,5		22	21,5			
Vestmannaeyjar . . . . .	15	13,8		15	13,8			
Selfoss . . . . .	4	128,0	4,0	126,3	4	129,0	4,0	127,3
		<b>128,0</b>	<b>126,3</b>		<b>129,0</b>	<b>127,3</b>		



## GÆÐAMÁL

### Rekstrarhandbók

Eins og áður hefur verið greint frá var fenginn ráðgjöf frá VKS hvernig best væri að setja upp rekstrarhandbók HS en rekstrarhandbókin mun taka við af gæðahandbók fyrirtækisins. Skipaðir voru hópar til að vinna að málefnum deilda og þarf í þeirri vinnu bæði að taka tillit til eldri skjala sem hýsa verkferla og einnig hvaða ferlar eru óskráðir. Skipaður var verkefnisstjórnunarhópur sem mun stýra verkefninu að mestu og til að undirbúa sig fór hópurinn ásamt öllum ábyrgðamönnum verklagsreglna á

ISO 9001 námskeið. Flest skjöl í eldri gæðahandbók fyrirtækisins tilheyrðu öryggisstjórnunarkerfi rafveitu og því var ákveðið að leggja áherslu á að sá hópur myndi hefja sína vinnu ásamt hóp úr vatnsdeildinni en mikil vinna hefur verið lögð í að útbúa verklagsreglur og eyðublöð sem tilheyra Gámeskerfi HS. Þessari vinnu fer senn að ljúka og verður kerfið kynnt starfsmönnum þegar það fer formlega í notkun ásamt því að vinna mun hefjast við það hjá öðrum deildum.

## ÖRYGGISMÁL

Áhersla á öryggis- heilbrigðis- og umhverfismál (ÖHU) hefur verið í brennidepli innan Hitaveitu Suðurnesja h/f (HS) s.l. ár. Meðal verkefna sem unnið var að, var útgáfa öryggishandbókar HS. Kynning á handbókinni og innleiðing hennar var tvinnuð saman við öryggisviku sem haldin var október s.l. Markmiðin með útgáfu handbókarinnar voru m.a. að gera starfsmönnum glögga grein fyrir réttindum og skyldum varðandi aðbúnað, hollustu og öryggismál almennt. Mikil áhersla er lögð á að starfsmenn hugi að eigin öryggi bæði í leik og í starfi. Krafa um að fram fari áhættumat allra starfa er kynnt í handbókinni og er unnið í gerð þess innan fyrirtækisins. Notkun persónuvarnarbúnaðar er ítrekuð og áherslu á ÖHU-málum er kynntar.

Á þriggja ára fresti er haldin öryggisvika innan HS. Sú sem haldin var nú var sú fjórða í röðinni. Umsjón með öryggisviku er

í höndum öryggisnefndar HS sem skipuð er fulltrúum bæði starfsmanna og stjórnenda. Markmið öryggisviku eru meðal annars að efla öryggisvitund starfsmanna HS og kynna það sem framundan er í vinnuverndarstarfi innan fyrirtækisins. Að venju var dagskráin fjölbreytt. Haldnir voru fyrirlestrar um ýmis málefni, s.s. líkamsbeitingu, áhættumat, jákvætt hugarfar, nýútkomna öryggishandbók og um notkun slökkvitækja. Flestir fyrirlesarar voru fengnir utan fyrirtækisins og kunnum við þeim góðar þakkir fyrir þeirra framlag. Þá var boðið uppá heilsufarsmælingu og lækni skoðun fyrir starfsmenn, þeim að kostnaðarlausu.

Þátttaka var almennt mjög góð og sköpuðust oft fjórlegar umræður manna á meðal. Af viðbrögðum má ljóst vera að starfsmönnum er umhugað um vinnuverndarmál. Lykill af góðum vinnustað er einmitt almennt þátttaka starfsmanna í umræðu

og mótun vinnuverndarstarfs. Án þátttöku starfsfólks verður starfsemin bæði marklaus og bitlaus.

Vinna við gerð áhættumats starfa innan HS er hafin. Ákveðið var að halda fundi með starfsfólki á öllum starfsstöðum HS. Verkefnisstjóri þessa verkefnis er Víðir S. Jónsson, en til að áhættumatið endurspegli sem best þau atriði sem betur mega fara í vinnuumhverfi okkar er nauðsynlegt að allir starfsmenn komi að gerð þess.

## SKRIFSTOFA

Árið 2007 var erilsamt á skrifstofu. Framkvæmdagleði einstaklinga og fyrirtækja á þjónustusvæðum fyrirtækisins hefur verið mikil eins og árið áður og því hefur verkefnum þjónustuborðs síður en svo fækkað. Fjölgun verkefna í öðrum deildum fyrirtækisins hefur oftar en ekki áhrif inn á skrifstofu einnig.

Á síðustu mánuðum ársins var hafin vinna við breytingar á þjónustuborði í samvinnu við innheimtudeild og hafa þær aðlaganir gengið framur vonum.

Mikil vinna hefur verið lögð í að útibú og deildir innan skrifstofu vinni saman til að hægt sé að ná fram betri nýtingu á stöðugildum og þannig jafna álag innan skrifstofu. Örlitlar breytingar voru gerðar á þjónustuborði og símsvörum þar sem nú er

Öryggisnefnd er starfandi innan HS og hafa verið haldnir 5 bókaðir fundir á árinu, auk fjölmargar smærri funda um ÖHU. Innra starf í ÖHU er í góðum farvegi


Mikið hefur verið um framkvæmdir á árinu og hefur verið lögð áhersla á að kynna bæði starfsmönnum HS og verktaka sem vinna fyrir HS, áherslur HS varðandi ÖHU. Haldnir hafa verið fjölmargir ÖHU-fundir með þessum starfsmönnum sérstaklega vegna byggingar OV6 í Svartsengi og hefur góður árangur náðst. Einingis hafa orðið þrjú fjarveruslys á byggingartíma OV6.

einungis eitt skiptiborð en símtöl flæða síðan yfir á næsta lausa þjónustufulltrúa sé skiptiborð upptekið. Vonast er til að þessi breyting verði til þess að stytta biðtíma þeirra sem hringja inn. Skiptiborð og þjónustuborð svarar að jafnaði um 350 símtölum daglega.

Einnig var þjónustufulltrúm skipt upp í verksvið og eru nú tveir þjónustufulltrúar í bakvinnslu. Þess er vænst að það hraði vinnslu beiðna en á síðustu árum hefur fjöldi innkominna beiðna stóraukist, að mestu vegna framkvæmda og flutninga. Hér fyrir neðan er línurit sem sýnir aukningu heimlagna- og heimaugabeiðna sem og aukningu á notendaskiptum.

Stöðugildi skrifstofu eru 25,5 og skiptast þau þannig á milli

### Aukning heimlagna- og heimaugabeiðna







deilda: 3 í bókhaldsdeild, 8 í þjónustudeild, 8 í orkureikningum og álestrum, 3,5 í innheimtudeild og 3 í fjármálum og stjórnum.

Eins og áður hefur verið greint frá var ákveðið á árinu að innleiða nýtt orkureikningakerfi. Við innleiðingu þessa nýja kerfis verður mun auðveldara að halda utan um stöður viðskiptavina þar sem áður voru þær í tveimur kerfum, Axapta og K+.

Innheimta orkureikninga gekk vel á árinu. Það markmið að lágmarka vanskil, sem eru eldri en 2 mánuðir, náðist mjög vel. Þetta markmið náðist með mikilli vinnu og skipulögðum vinnubrögðum. Með því að grípa fljótt inn í vanskil minnkar hættan á að fyrirtækið tapi stórum upphæðum vegna gjaldþrota viðskiptavina sinna. Orkuskipti teljast til almennra krafna þegar til gjaldþrotameðferðar kemur og oftast en ekki fæst lítið upp í þær skuldir. Á árinu voru afskrifaðar kröfur kr. 30,4 m.kr., eða 0,6%

af útsendum orkureikningum, dráttarvöxtum o.fl. Á árinu 2006 voru afskrifaðar 16,2 m.kr., 0,38% af útsendum reikningum og á árið 2005 voru afskrifaðar 84,5 m.kr., eða 2,21% af útsendum reikningum.


Hlutfall þeirra sem greiða með bein- eða boðgreiðslum er 53% en 47% fá senda greiðsluseðla. Okkar sérstaða er sú, miðað við mörg önnur fyrirtæki, að öll viðskipti eru eftirgreidd. Það myndi því létta okkur vinnuna til mikilla muna ef fleiri greiddu á rafrænan hátt en gera það í dag.

Útistandandi orkureikningar þann 31.12.07. voru 549,5 m.kr., þar af 106,3 m.kr., eða 19,3% í vanskilum. Um áramótin 2006/2007 voru útistandandi orkureikningar 584,4 m.kr. Það er því um lækkun að ræða á útistandandi orkureikningum á sama tíma og upphæð útsendra orkureikninga hækkaði um 18% á milli árana 2006 og 2007.

Við höfum átt gott samstarf við Lögheimtuna og Intrum um þær kröfur sem lenda í lögfræðilegri innheimtu. Á árinu voru 177 mál send í lögfræðilega innheimtu og í milliinnheimtu voru send 68 mál. Um áramótin voru 27 mál til innheimtu í milliinnheimtu, 99 í lögfræðilegri innheimtu og 357 mál voru í kröfuvakt.

Margir starfsmenn HS koma að innheimtunni á einn eða annan hátt. Flestir eru á skrifstofu, senda út viðvaranir, semja við viðskiptavini, greiða út inneignir o.fl. Nokkrir sinna eingöngu lokunaraðgerðum. Á árinu komu 16 starfsmenn að innheimtunni, en ársverkin voru 3,5.

### Notendaskipti



## RAFORKUKAUP OG RAFORKUSALA

Raforkuframléiðsla HS hf inn á flutningskerfi Landsnets jókst á árinu og varð um 1.150 GWst. Munar þar mestu um framleiðslu Reykjanesvirkjunar en þetta var fyrsta heila starfsári virkjunarinnar. Í lok árs var raforkuframléiðsla í Svartengi aukin með tilkomu Orkuvers 6, en þar var sett upp ný 30 MW vél sem nýttir orkuupptekt svæðisins enn betur og verður vélin keyrð að nokkru leiti eftir hitavatnsframléiðslu virkjunarinnar.

Á árinu voru báðar vélar Reykjanesvirkjunar stoppaðar í rúmar tvær vikur vegna ársúttektar auk nokkurra viðhaldsstoppa vegna gufuveitu virkjunarinnar. Einnig voru vélar í Svartengi stoppaðar vegna viðhalds og tengivinnu vegna byggingu Orkuvers 6. Í þessum stoppum seldi HS hf áfram rafmagn til stóriðju sem keypt var af Landsvirkjun og námu þessi kaup um 46 GWst.

Orkusala til stóriðju jókst með aukinni orkuframléiðslu og seldi HS hf um 963 GWst til hennar á árinu. Þessi orkusala mun aukast enn frekar á næsta ári þar sem 15 MW frá Orkuveri 6 í Svartengi fara til Norðuráls.

Keypt var raforka frá Landsvirkjun og Múlavirkjun fyrir almennan markað og námu þessi kaup um 228 GWst. Eru þessi kaup að mestu notuð til að mæta árstíða- og dægursveiflum á almennum markaði en eigin framléiðsla dekkar að mestu grunnorkuþörf.

Sala HS hf til almennra viðskiptavina jókst nokkuð á árinu og munar þar mestu um mikla aukningu á sölu til viðskiptavina utan dreifiveituvæða HS hf og tvöfaldaðist þessi sala milli ára. Nú þegar liggja fyrir samningar við nokkra nýja aðila sem munu auka þetta magn enn frekar. Nokkur aukning varð á raforkusölu á öllum dreifiveituvæðum HS hf. Mest varð aukningin í Hafnarfirði tæp 11%. Í Eyjum og á Selfossi jókst raforkusala um tæp 5% en sala á Suðurnesjum dróst saman um sömu prósentutölu. Áhrifa brotthvarfs varnaliðsins á Keflavíkurlflugvelli var hætt að gæta í lok árs en þá varð söluaukning um 5% á Suðurnesjum milli sambærilegra mánaða fyrra árs. Vænta má að sú aukning haldi áfram því mikil uppbygging á sér stað á svæðinu og atvinnuuppbygging á vallarsvæðinu að taka á sig nýja mynd.

Samstarf Orkuveitu Húsavíkur og HS hf hélt áfram á árinu og er þetta þriðja árið sem fyrirtækin vinna saman að raforkuöflun. HS hf er jöfnunarorkuábyrgt fyrir raforkusölu og framléiðslu Orkuveitu Húsavíkur ásamt að sjá um að útvega veitunni raforku á þeim tímum þegar eftirspurn er meiri en eigin framléiðsla og að sama skapi kaupir HS hf það sem framléitt er umfram eftirspurn.

HS hf seldi um 110 GWst af ótryggðri orku og fór mestur hluti hennar til rafskautakatla HS hf og Vinnslostöðvarinnar í Eyjum. Nokkrir minni aðilar settu upp gufukatla á árinu en verðmunur á orkueiningu milli ótryggrar orku og olíu er orðinn u.þ.b. þrefaldur með hækkandi olíuverði og því eftir töluverðu að slæðast.

Á árinu var gerður orkusamningur við Norðurál um raforkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík. Samkvæmt honum á HS hf að afhenda Norðuráli allt að 150 MW í árslok 2010 til verkefnisins enda verði arðsemi virkjana ásættanleg. Ljóst er að tíminn er stuttur þannig að allt verður að ganga upp svo orkuafhending geti hafist á réttum tíma.

Mikil ásókn hefur verið í raforku til notenda sem þurfa 10 – 50 MW fyrir sína starfsemi. Ljóst er að ekki verður hægt að verða við óskum þessara aðila nema að litlu leiti eins og staðan er í dag þar sem undirbúningur og skipulagsvinna fyrir nýjar virkjanir er alltaf að lengjast.

Ein tegund raforkunotkunar hefur verið nokkuð til umræðu á árinu en það er raforkusala til netþjónabúa. Fyrir liggur áhugi nokkurra aðila um að hefja slíkan rekstur hérlandis. Til að tryggja að hægt sé að setja upp slíka starfsemi hér hefur HS hf í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun fjárfest í Eignarhaldsfélaginu Farice sem á stærstan hluta Farice og rekur neðansjárstreng milli Íslands, Færeyja og Skotlands. Til stendur að leggja nýjan streng milli Íslands og Danmerkur sem hefur fengið vinnuheimild Danice. Megintilgangur strengsins er að efla og tryggja fjarskiptatengingu landsins við umheiminn en netþjónabú gera kröfu um tvöfalda tengingu til að geta hafið starfsemi hér.



## FJÁRMÁL

Niðurstaða rekstrarreiknings fyrir árið 2007 með hagnað fyrir skatta að upphæð 4,2 milljarðar var einstaklega góð en einkenndist um leið af af einstökum mjög jákvæðum liðum. Þar má nefna að gengishagnaður nam 922 m.kr., gangvirðisbreytingar afleiðusamninga voru 828 m.kr., söluhagnaður eigna 508 m.kr. og síðan eingreiðsla frá Varnarliðinu 633 m.kr. Samtals nema þessir fjórir liðir um 2,9 milljörðum króna. Reiknaður tekjuskattur var 741 m.kr. og þar af koma 294 m.kr. til greiðslu en 447 m.kr. fara til lækkunar tekjuskattsinnæignar. Bókfærður hagnaður varð þannig 3.480 m.kr. móti um 2.877 m.kr. árið áður og jókst þá um rúmlega 600 m.kr.

Hagnaði fyrirtækisins hafði fram til ársins 2001 að mestu verið varið til að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækisins, til afborgana af lánum og til fjárfestinga í orkuveri, veitukerfum o.fl. Þá var vegna breytinga á rekstrarformi o.fl. ákveðið að greiða árlega út arð til eigenda fyrirtækisins og var ákveðið að miða við um þriðjung árlegs hagnaðar. Arðgreiðslur á þessum 7 árum nema þá samtals tæplega 3,7 milljarði kr. að núvirði. Afskriftir voru samtals 1.289 m.kr. sem er um 3,7% bókfærðs heildarverðs í árslok, en það var 34,9 milljarðar króna.

Ofangreindar arðgreiðslur og miklar fjárfestingar hafa þrengt greiðslustöðu verulega en þó var veltufjárhlufallið í árslok án afleiðusamninga 0,44, var í árslok 2006 0,84, var 0,71 í árslok 2005, 0,85 í árslok 2004, 0,96 í árslok 2003, 1,08 í árslok 2002, 0,96 í árslok 2001 en 2,31 hjá Hitaveitu Suðurnesja í árslok 2000.


Rekstrartekjur ársins námu alls 7,660 m.kr. sem er um 30% hækkun í krónutölu frá árinu áður en um 24% að raungildi. Af rekstrartekjunum voru 1.720 m.kr. af vatnssölu (22,5% en var 21,3% 2006, 28,7% árið 2005 og 34,2% árið 2004), 3.075 m.kr. af almennri raforkusölu (40%), raforkusala til stóriðju 1.917 m.kr. (25%), ferskvatnssala 259 m.kr. (3,4%) og aðrar

tekjur 689 m.kr. (9%). Rekstrargjöld voru 4.769 m.kr. og voru afskriftir þar af 1.289 m.kr. (27%), en fjármagnsliðir voru í heild jákvæðir um 503 m.kr. en voru árið áður neikvæðir um 1.074 m.kr. Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga voru jákvæðar um 827 m.kr. en voru 1.106 m.kr. árið áður. Arðsemi eigin fjár var 14,93% en á árinu áður var hún 14,93% en hagnaður á hlut 0,31 móti 0,21 árið áður. Eiginfjárlutfall var 54,3% en var 52,3% árið áður og veltufé frá rekstri jókst um 937 m.kr. úr 2,27 milljörðum í 3,2 milljarða (41%).

Greiddar voru 405 m.kr. í afborganir af langtímalánum á árinu en tekið var lán vegna Orkuvers 6 að upphæð 893 m.kr. hjá CEB. Flutningsmannvirki HS hf voru seld Landsneti hf fyrir rúmlega 1,5 milljarð en áfram eru leigð mannvirki fyrir um 400 m.kr. Langtímaskuldir í árslok eru þá, með næsta árs afborgunum, 12.167 m.kr., (gengishagnaður og verðbætur voru samtals 912 m.kr.) þar af 11.959 m.kr. í erlendra mynt (98,3%) og heildarskuldir 16.814 m.kr. Meðal vaxtabyrði langtímalána var 3,78% í árslok.


Í áætlunum fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að fjárfestingar við verklok Orkuvers 6 í Svartsengi og á Reykjanesi verði um 500 m.kr., um 2 milljarðar til undirbúnings frekari virkjana, um 800 m.kr. vegna neðansjávarlagnar til Vestmannaeyja, um 1.050 m.kr. vegna dreifikerfa hita-, rafmagns og vatnsveitu og að aðrar fjárfestingar verði um 1,3 milljarður og heildarfjárfestingar því um 5,6 milljarðar. Afskriftir eru áætlaðar um 1.500 m.kr., afborganir langtímaskulda u.þ.b. 370 m.kr., greiðslur til eigenda 500 m.kr. og heildartekjur eru áætlaðar verða um 7.000 m.kr. auk um 1.500 m.kr. „millideildasölu“ (raforka og vatn frá eigin orkuveri). Gert er ráð fyrir lántökum að upphæð um 3,5 milljörðum auk þess sem skammtímaskuldir hækki um 600 m.kr.

### Hlutfallsleg skipting tekna 2007




Vatnssala	1.702.474	Tengigjöld	70.070
Ferskvatnssala	256.370	Aðrar tekjur	294.622
Rafmagnssala	3.154.181	Söluhagnaður	521.257
Rafmagnssala stóriðja	1.890.435	Fjármagnslídir	502.862
Orkusala eigin orkuver	1.156.540	Afleiðusamningar	826.874

### Hlutfallsleg skipting gjalda 2007




Almenn rekstrargjöld	1.672.105	Hluteldisfélög	63.359
Raforkukaup og flutningur	1.863.108	Tekjuskattur	741.186
Afskriftir	1.266.828	Hagnaður	3.480.073
Orkusala eigin orkuver	1.289.026		

### Hlutfallsleg skipting stærða




Handbært fé	29.751	Rafveitukerfi	4.693.492
Skammtímaskuldur	1.106.981	Óefnislegar eignir	982.495
Rekstrarvörubingdir	360.799	Áhættufj.munir og langt.kröfur	1.046.564
Afleiðusamningur	410.692	Aðrir rekstrarfjármunir	784.794
Orkuver	21.722.660	Afleiðusamningur	2.530.482
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi	2.661.824	Skatteign	459.734

### Skuldir




Skammtímaskuldur	3.428.064	Lífeyrisskuldbinding	1.063.173
Langtímaskuldur	12.322.893	Eigið fé	19.976.138

### Uppruni fjármagns



Handbært fé frá rekstri	3.229.131	Skammtímalán, hækkun	509.886
Sala eigna	1.559.387	Lækkun á handbæru fé	26.205
Tekin ný langtímalán	893.094		

### Ráðstöfun fjármagns



Orkuver og veitukerfi	5.081.684	Afborganir langtímalána	400.860
Fjárf. í eignarhl. í öðrum fél.	333.159	Greiddur arður	402.000

# LYKILSTÆRÐIR Í ÁRSSKÝRSLU

## ORKUVEITA

RAFMA GNSVEITA / DREIFING	Suðurnes Magn	Hafnarfj. Magn	Eyjar Magn	Árborg Magn	Samtals Magn	Önnur svæði Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis . . . . .	700	163	13	159	1.035		km <sup>2</sup>
Íbúar á orkuveitusvæðinu . . . . .	20.415	29.740	4.040	7.485	61.680		fjöldi
Heimtaugar . . . . .	6.345	6.188	1.982	3.118	17.633		fjöldi
Veitur (mælitæki) . . . . .	9.614	14.208	2.302	3.682	29.806		fjöldi
Götuljósastólpar . . . . .	6.643	7.008	1.506	2.903	18.060		fjöldi
Götuljósastólpar, afl ljósgjafa . . . . .	1.226,0	1.202,0	220,4	284,2	2.932,6		kW
Fjöldi starfsmanna . . . . .	62	18	15	4	99		stöðugildi
Fjöldi ársverka . . . . .	20	19,00	7	4	50		ársverk
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafli . . . . .	398,4	41,0	52,5	20,0	511,9		MVA
Dreifistöðvar, uppsett spennaafli . . . . .	176,00	95,73	27,50	23,62	322,85		MVA
Lengd aðveitukerfis . . . . .	173,0	4,2	1,5	0,0	178,7		km
Lengd háspennudreifikerfis . . . . .	272,0	135,5	25,8	49,1	482,4		km
Lengd lágpennudreifikerfis . . . . .	1.605,3	784,9	87,8	184,8	2.662,8		km
Orkuöflun alls, mesta afl án ótryggrar orku . . .	33,96	32,41	10,80	9,78	87,0		MW
Orkuöflun alls, mesta afl með ótryggrar orku . .	37,53	33,33	23,36	13,40	107,6		MW
Orkuöflun alls - aðrir . . . . .	246,2	162,3	116,9	62,9	588,3		GWst
Smásala . . . . .	178,0	148,0	42,1	47,0	415,1	53,1	GWst
Smásala - aðrir á dreifuveitusvæði HS hf . . . . .					-10,9	GWst	
Smásala ótrygg orka . . . . .	9,7	3,9	72,0	12,6	98,2	10,7	GWst
Heildsala . . . . .	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	963,0	GWst
Smásala (án vsk) . . . . .	1.127,3	1.050,5	402,4	353,7	2.933,9		Mkr
Heildsala (án vsk) . . . . .	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0		Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk) . . . . .	6,01	6,92	3,53	5,93	5,72		kr/kWst
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði . . . . .	3,64	0,00	15,15	0,77	19,56		Mkr
Niðurgreitt magn . . . . .	1.163.309	0	4.842.502	244.009	6.249.820		kWst
<b>HITAVEITA</b>	<b>Suðurnes Magn</b>		<b>Eyjar Magn</b>		<b>Samtals Magn</b>		<b>Einingar</b>
Stærð veitusvæðis . . . . .	700		13,3		713		km <sup>2</sup>
Íbúar með hitaveitu . . . . .	20.300		3.530		23.830		fjöldi
Hús tengd hitaveitu . . . . .	6.070		1.459		7.529		fjöldi
Veitur (mælitæki) . . . . .	6.686		1.432		8.118		fjöldi
Fjöldi starfsmanna . . . . .	62		15		77		stöðugildi
Fjöldi ársverka . . . . .	15		5		20		ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði . . . . .	150		0		150		MW
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta) . . . . .	125		38		163		MW
Lengd safn- og aðveituæða . . . . .	67		1,4		68,4		km
Lengd dreifikerfis . . . . .	371,0		71,1		442,1		km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi . . . . .	9.979.844		1.652.165		11.632.009		m <sup>3</sup> /ári
Hámarksálag á árinu . . . . .	100,5		14,5		115,0		MW
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi . . . . .	615		71,1		686,4		GWst/ári
Hlutfall orkuframleiðslu: jarðhiti . . . . .	100		0				%
Hlutfall orkuframleiðslu: annað . . . . .	0		100				%
Smásala . . . . .	27.354				27.354		l/mín/mán;
Smásala . . . . .	1.519.056		1.215.156		2.734.212		m <sup>3</sup> ;
Smásala (án vsk) . . . . .	858,4		209,7		1.068,1		Mkr
Heildsala (án vsk) . . . . .	0		0,0		0,0		Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk) . . . . .	1,40						kr/kWst
Meðalverð í smásölu (án vsk) . . . . .			183,30				kr/m <sup>3</sup>
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði . . . . .	0		72,47		72,47		Mkr
Niðurgreitt magn . . . . .	0		789.433		789.433		m <sup>3</sup>







ÁRSREIKNINGUR  
31. DESEMBER 2007



## SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Ársreikningur Hitaveitu Suðurnesja hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, og er þetta er í fyrsta sinn sem félagið gerir reikningsskil sín með þeim hætti. Ársreikningar félagsins á undanförmum árum hafa verið gerðir í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur. Heildaráhrif breyttra reglna á eigin fé félagsins eru þau að bókfært eigið fé í ársbyrjun 2007 hækkar um 1.201 millj. kr. eða úr 15.695 millj. kr. í 16.896 millj. kr. Áhrif breyttra reglna á hagnað ársins 2006, sem nam 2.344 millj. kr. samkvæmt íslenskum reikningsskilareglum, eru þau að hagnaðurinn hækkar í 2.877 millj. kr. Í skýringum reikningsins er gerð nánari grein fyrir þeim áhrifum sem upptaka staðlanna hefur á reikningsskil félagsins.

Í lok árs 2007 var Orkuver 6 í Svartsengi tekið í notkun. Á árinu seldi félagið raforkuflutningsvirki til Landsnets hf. fyrir 1.535 millj. kr. og nam söluhagnaður 508 millj. kr.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 6.495 millj. kr. og hagnaður þess var 3.480 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 36.790 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 19.976 millj. kr. eða 54,3% af heildarfjármagni. Þetta hlutfall var 52,3% í ársbyrjun.

Hluthafar félagsins voru átta í árslok og hafði þeim þá fækkað um tvo frá ársbyrjun. Í árslok áttu fjórir hluthafar yfir 10% hlut í félaginu, en þeir eru:

	Eignarhluti
Reykjanesbær	34,74%
Geysir Green Energy hf.	32,00%
Orkuveita Reykjavíkur hf.	16,58%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2008 verði greiddur 500 millj. kr. arður til hluthafa eða um 6,7% af nafnverði hlutfjár, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og og framkvæmdarstjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdarstjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2007 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2007.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdarstjórnar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Hitaveitu Suðurnesja hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2007 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Njarðvík, 12. febrúar 2008

#### STJÓRN:

Asgar Magnússon  
Guðni Einarsson  
Lárus Guðmundsson  
Sveinn Stefánsson  
Björn Guðnason  
Ólafur Sveinsson  
Jón Sigurðsson

#### FORSTJÓRI:

Andrius Kármann

#### ADSTOÐARFORSTJÓRI

Robert Albertsson



## ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa Hitaveitu Suðurnesja hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim

ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Njarðvík, 12. febrúar 2008



KPMG hf.



## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrartekjur .....		6.515.943	5.882.045
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu .....		( 4.162.212 )	( 3.299.830 )
<b>Vergur hagnaður</b> .....		<b>2.353.731</b>	<b>2.582.215</b>
Aðrar tekjur .....	7	1.144.057	14.648
Annar rekstrarkostnaður .....	8	( 542.906 )	( 544.390 )
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		<b>2.954.882</b>	<b>2.052.473</b>
Fjármunatekjur .....	11	959.162	443.736
Fjármagnsgjöld .....	11	( 456.300 )	( 1.538.824 )
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga .....	11,17	826.874	1.106.000
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals</b> .....	<b>11</b>	<b>1.329.736</b>	<b>10.912</b>
Áhrif hlutdeildarféлага .....		( 63.359 )	( 92.533 )
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		<b>4.221.259</b>	<b>1.970.852</b>
Tekjuskattur við upphaf skattskyldu .....		0	1.244.602
Tekjuskattur .....	12	( 741.186 )	( 338.074 )
<b>Hagnaður ársins</b> .....		<b>3.480.073</b>	<b>2.877.380</b>
<b>Hagnaður á hlut:</b>			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....	22	0,47	0,39

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2007

	Skýr.	2007	2006
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir	13	29.862.770	25.556.400
Rekstrarfjármunir í byggingu	13	0	854.603
Óefnislegar eignir	14	982.495	920.616
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	15	482.029	379.166
Eignarhlutir í öðrum félögum	16	564.535	26.098
Afleiðusamningar	17	2.530.482	1.334.967
Tekjuskattseign	18	459.734	906.528
		<b>34.882.045</b>	<b>29.978.378</b>
<b>Fastafjármunir samtals</b>			
Rekstrarvörubirgðir		360.799	397.685
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	19	1.106.981	1.121.534
Afleiðusamningar	17	410.692	779.333
Handbært fé	20	29.751	55.956
		<b>1.908.223</b>	<b>2.354.508</b>
<b>Veltufjármunir samtals</b>			
		<b>36.790.268</b>	<b>32.332.886</b>
<b>Eignir samtals</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé	21	7.454.816	7.454.816
Lögbundinn varasjóður	21	1.863.704	1.863.704
Óráðstafað eigið fé		10.657.618	7.577.545
		<b>19.976.138</b>	<b>16.896.065</b>
<b>Eigið fé samtals</b>			
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir	23	11.803.786	12.105.699
Lífeyrisskuldbinding	24	1.063.173	1.016.017
Fyrirfram innheimtar tekjur	25	519.107	396.552
		<b>13.386.066</b>	<b>13.518.268</b>
<b>Langtímaskuldir samtals</b>			
Vaxtaberandi skuldir	23	851.611	459.166
Viðskiptaskuldir aðrar skammtímaskuldir	26	2.234.145	1.423.647
Tekjuskattur til greiðslu	18	294.392	0
Fyrirfram innheimtar tekjur	25	47.916	35.740
		<b>3.428.064</b>	<b>1.918.553</b>
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>			
		<b>16.814.130</b>	<b>15.436.821</b>
<b>Skuldir samtals</b>			
		<b>36.790.268</b>	<b>32.332.886</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>			

## EIGINFJÁRYFIRLIT ÁRSINS 2007

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Árið 2006</b>				
Eigið fé 31. desember 2005 .....	7.454.816	1.749.844	4.566.591	13.771.251
Breytingar vegna upptöku IFRS .....	0	0	667.434	667.434
Eigið fé 1. janúar 2006, IFRS .....	7.454.816	1.749.844	5.234.025	14.438.685
Hagnaður ársins .....			2.877.380	2.877.380
Lagt í lögbundinn varasjóð .....		113.860	( 113.860 )	0
Úthlutaður arður, 0,056 kr. á hlut .....			( 420.000 )	( 420.000 )
<b>Eigið fé 31. desember 2006 .....</b>	<b>7.454.816</b>	<b>1.863.704</b>	<b>7.577.545</b>	<b>16.896.065</b>
<b>Árið 2007</b>				
Eigið fé 31. desember 2006 .....	7.454.816	1.863.704	6.376.498	15.695.018
Breytingar vegna upptöku IFRS .....	0	0	1.201.047	1.201.047
Eigið fé 1. janúar 2007, IFRS .....	7.454.816	1.863.704	7.577.545	16.896.065
Hagnaður ársins .....			3.480.073	3.480.073
Úthlutaður arður, 0,054 kr. á hlut .....			( 400.000 )	( 400.000 )
<b>Eigið fé 31. desember 2007 .....</b>	<b>7.454.816</b>	<b>1.863.704</b>	<b>10.657.618</b>	<b>19.976.138</b>

## SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2007

	2007	2006
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður ársins . . . . .	3.480.073	2.877.380
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: . . . . .		
Söluhagnaður rekstrarfjármuna . . . . .	( 521.258 )	( 14.648 )
Lífeyrisskuldbinding . . . . .	47.156	95.937
Afskriftir . . . . .	1.289.026	991.367
Áhrif hlutdeildarféлага . . . . .	63.359	92.533
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld . . . . .	( 1.329.736 )	( 10.912 )
Tekjuskattur . . . . .	741.186	( 906.528 )
Rekstrarvörubirgðir, lækkun (hækkun) . . . . .	36.886	( 154.061 )
Skammtímakröfur, lækkun . . . . .	14.553	92.162
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun . . . . .	( 262.413 )	349.923
Fyrirfram innheimtar tekjur, hækkun . . . . .	134.731	134.714
Handbært fé fyrir vexti og skatta	3.693.563	3.547.867
Innheimtar vaxtatekjur . . . . .	36.924	30.796
Greidd vaxtagjöld . . . . .	( 501.356 )	( 368.787 )
Handbært fé frá rekstri	3.229.131	3.209.876
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum . . . . .	( 4.994.814 )	( 6.128.273 )
Fjárfesting í rekstrarfjármunum í byggingu . . . . .	0	( 781.120 )
Fjárfesting í óefnislegum eignum . . . . .	( 86.870 )	( 384.265 )
Söluverð seldra rekstrarfjármuna . . . . .	1.559.387	44.517
Fjárfesting í öðrum félögum . . . . .	( 333.159 )	( 138.677 )
Seldir eignarhlutar í öðrum félögum . . . . .	0	592.861
Fjárfestingarhreyfingar	( 3.855.456 )	( 6.794.957 )
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Greiddur arður . . . . .	( 402.000 )	( 378.000 )
Tekin ný langtímalán . . . . .	893.094	3.888.830
Afborganir langtímalána . . . . .	( 400.860 )	( 345.799 )
Skammtímalán, hækkun . . . . .	509.886	0
Fjármögnunarahreyfingar	600.120	3.165.031
<b>Lækkun á handbæru fé</b> . . . . .	( 26.205 )	( 420.050 )
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> . . . . .	55.956	476.006
<b>Handbært fé í lok ársins</b> . . . . .	29.751	55.956
<b>Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:</b>		
Fjárfesting í orkuveri í byggingu . . . . .	759.118	710.691
Fjárfesting í félögum . . . . .	371.500	0
Arður . . . . .	40.000	42.000
Skammtímaskuldir . . . . .	( 1.170.618 )	( 752.691 )

# SKÝRINGAR

## 1. Félagið

Hitaveita Suðurnesja hf. er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið annast framleiðslu og sölu til neytenda á heitu vatni og raforku, ferskvatnsöflun fyrir íbúa Suðurnesja og Vestmannaeyja, auk þess að selja jarðgufu til iðnaðar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 12. febrúar 2008.

Þetta er fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og hefur IFRS 1, Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, verið beitt við gerð hans.

Gerð ársreiknings félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum leiðir til breytinga á reikningsskilaaðferðum sem notaðar voru við gerð síðasta ársreiknings félagsins en hann var gerður samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum. Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir þau tímabil sem þessi ársreikningur nær til. Þeim hefur ennfremur verið beitt við gerð opnunarefnahagsreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagstöðu félagsins og afkomu þess er að finna í skýringu 30. Skýringin inniheldur afstemmingar á eigin fé og afkomu félagsins fyrir samanburðartímabil, annars vegar eins og þau voru þegar íslenskum reikningsskilaaðferðum var beitt og hins vegar eins og þau eru samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

### b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar og fjármálagemingar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði (fjallað er um mat á gangvirði í skýringu 4).

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- skýring 24 - lífeyrisskuldbinding
- skýring 17 - afleiður

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og jafnframt við gerð opnunarefnahagsreiknings 1. janúar 2006 vegna upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla.



**a. Hlutdeildarfélag**

Hlutdeildarfélag eru þau félag sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur félagsins inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félag eða fjármagnað þau. Ef hagnaður verður af rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

**b. Erlendir gjaldmiðlar**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

**c. Fjármálagerningar**

**(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar**

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagaegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Í skýringu 3 (m) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

**Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning**

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

**Aðrir fjármálagerningar**

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að fráreginni virðisrýmum þegar við á.

## (ii) Afleiðusamningar

Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamnings og innbyggðar afleiðu eru ekki nátengd, annar gervingur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gervingurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

## Hagrænar varnir

Áhættuvagnarreikningskilum er ekki beitt vegna afleiðusamninga sem ætlað er að verja peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum. Gangvirðisbreytingar slíkra afleiðusamninga eru færðar meðal hreinna tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum í rekstrarreikningi.

## Aðskilyldar innbyggðar afleiður

Gangvirðisbreytingar aðskilyldra innbyggðra afleiða eru færðar í rekstrarreikning.

## (iii) Hlutfé

### Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

## Kaup á eigin hlutum

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

## d. Rekstrarfjármunir

### (i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrymun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Á undirbúningskostnað eru ekki færðir vextir.

### (ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

**(iii) Afskriftir**

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Orkuver .....	20-30 ár
Rafveitukerfi .....	20-30 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi .....	20-30 ár
Aðrir rekstrarfjármunir .....	5-50 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

**e. Óefnislegar eignir**

**(i) Rannsóknar- og þróunarkostnaður**

Kostnaður vegna rannsókna sem gerðar eru í þeim tilgangi að að kanna jarðhitasvæði þar sem óvissa ríkir um nýtingarmöguleika og til að afla nýrrar vísinda- eða tækniþekkingar er færður beint í rekstrarreikning.

Þróun felur í sér könnun á jarðhitasvæðum þar sem líkur eru á nýtingu og virkjun í framtíðinni ásamt áætlun eða hönnun því tengdu. Þróunarkostnaður er aðeins eignfærður ef líkur eru á hagrænum ábata í framtíðinni og félagið ætlar sér og hefur getu til að ljúka þróuninni og nýta eða selja virkjunina. Eignfærður kostnaður samanstendur af efniskostnaði, beinum launakostnaði og rekstrarkostnaði sem hægt er að rekja beint til þess sem í þróun er. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til.

Þegar ákvörðun um virkjun hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist, er undirbúningskostnaður vegna virkunar eignfærður meðal rekstrarfjármuna sem orkuver í byggingu.

Eignfærður þróunarkostnaður er metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmum.

**(ii) Vatnsréttindi**

Vatnsréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma þegar kaup á réttindunum eru aðgreinanleg frá kaupum á landi.

**(iii) Aðrar óefnislegar eignir**

Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmum.

**(iv) Kostnaður sem fellur til síðar**

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

**(v) Afskriftir**

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður .....	5-10 ár
------------------	---------

**f. Leigusamningar**

Leigusamningar teljast til rekstrarleigusamninga og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

### **g. Rekstrarvörubirgðir**

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstegdi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádrögnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

### **h. Virðisrýrnun**

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum og tekjuskattseign, er yfirfarið á hverjum uppgjörstegdi til að meta hvort vísendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

### **i. Hlunnindi starfsmanna**

#### **(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi**

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

#### **(ii) Réttindatengd lífeyriskerfi**

Skuldbinding félagsins vegna réttindatengdra lífeyriskerfa er reiknuð sérstaklega fyrir hvert kerfi með því að áætla framtíðarvirði lífeyrisréttinda sem núverandi og fyrrverandi starfsmenn hafa áunnið sér á yfirstandandi og fyrri tímabilum. Réttindin eru afvöxtuð til að finna núvirði þeirra. Tryggingafræðingur reiknar skuldbindingu á grundvelli aðferðar sem miðast við áunnin réttindi. Breytingar á skuldbindingunni eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

### **j. Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárfæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

### **k. Tekjur**

Tekjur af sölu á raforku og vatni ásamt orkuflutningi og dreifingu eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

### **Tengigjöld**

Við tengingu á nýjum húsum við flutningskerfi orku eða við endurnýjun á tengingu er innheimt stofngjald af notendum. Stofngjaldið mætir kostnaði vegna nýrra flutningskerfa eða endurnýjunar þeirra. Tengigjöld eru tekjufærð á 15 ára afskriftartíma flutningskerfanna.

### **l. Rekstrarleigugreiðslur**

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

### m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gagnvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði af áhættuvarnargerningum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af áhættuvarnargerningum sem fært er í rekstrarreikning og virðisrýmun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaður eða tap vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er fært nettó.

### n. Tekjuskattur

Tekjuskattur tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseignin er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

Tekjuskattseign sem myndaðist við upphaf skattskyldu félagsins var færð á sama tíma í rekstrarreikning sem tekjur tímabilsins.

### o. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

### p. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins sem fæst annaðhvort við að útvega einstaka vöru eða þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða við að útvega vörur eða þjónustu innan ákveðins efnahagslegs umhverfis (landsvæðisstarfsþáttur) og er hann háður áhættuþáttum og afkomu sem eru ólík því sem fylgir öðrum starfsþáttum. Aðalstarfsþáttur félagsins byggir á rekstrarstarfsþáttum. Félagið birtir ekki starfsþáttayfirlit eftir landsvæðum þar sem starfsemi félagsins er eingöngu á Íslandi.

Viðskipti milli starfsþátta eru verðlöggð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skynsamlega niður á starfsþætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum eru aðallega fjárfestingar og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfsþátta eru kaup á rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.

**q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa verið innleidd á árinu 2007**

**IFRS 7 Fjármálagæringar:** Upplýsingagjöf og breytingar á IAS 1 Framsetning reikningsskila: Fjármagnsupplýsingar gilda um ársreikning félagsins 2007. Innleiðingin hefur áhrif á eðli og umfang skýringa í ársreikningi, en ekki á afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar.

IFRIC 7 – 10 tóku gildi á árinu 2007 en höfðu ekki áhrif á ársreikning félagsins.

**r. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem hafa ekki verið innleidd**

Eftirfarandi reikningsskilastaðlar, breytingar á reikningsskilastöðlum og túlkanir á þeim hafa ekki tekið gildi í árslok 2007 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings:

**IFRS 8 Starfsþættir.** Gerð er krafa um að upplýsingar séu settar fram með sambærilegum hætti og þær berast stjórnendum félagsins. Í ársreikningi eru veittar upplýsingar um rekstrarstarfsþætti í skýringu 6.

Í endurbættum IAS 23 Lántökukostnaður er felld niður heimild til að gjaldfæra lántökukostnað og þess krafist að félög eignfæri lántökukostnað sem tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar sem hluta af kostnaðarverði eignarinnar. Verði endurbættur IAS 23 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning félagsins 2009 en ekki fela í sér breytingar á reikningsskilaaðferðum þess.

**IFRIC 11 IFRS 2 – Viðskipti með eigin hluti í samstæðu** krefst þess að eignarhlutatengdar greiðslur þar sem félag fær vörur eða þjónustu sem greiðslu fyrir eigin eiginfjárgæringa skuli færa sem eignarhlutatengda greiðslu, sem gerð er upp með eigin hlutum, óháð því hvornig eiginfjárgæringanna er aflað. IFRIC 11 gildir fyrir ársreikning félagsins 2008, og krefst afturvirkra leiðréttinga. Ekki er gert ráð fyrir að túlkunin muni hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

**IFRIC 12 Samningar um þjónustuívilnun** birtir leiðbeiningar um færslu og mat tiltekinna atriða sem upp koma við færslu þjónustusamninga opinberra aðila við einkaaðila. Verði IFRIC 12 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning félagsins 2008 og mun væntanlega ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

**IFRIC 13 Tryggðarkerfi** fjallar um reikningsskil félaga sem reka, eða taka með öðrum hætti þátt í, tryggðarkerfi fyrir viðskiptamenn sína. Það tengist tryggðarkerfum þar sem viðskiptamennirnir geta endurheimt inneign sína með afsláttum af vörum og þjónustu eða ókeypissvörum og þjónustu. Verði IFRIC 13 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning félagsins 2009 og mun væntanlega ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

**IFRIC 14 IAS 19 - Takmörkunin á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra** skýrir hvenær endurgreiðslur eða lækkan framtíðariðgjalda í tengslum við réttindatengdar eignir skuli telja mögulegar og leiðbeinir um áhrif ákvæða um lágmarks fjármögnun slíkra eigna. Túlkunin fjallar einnig um það þegar ákvæði um lágmarks fjármögnun geta leitt til skuldar. Verði IFRIC 14 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning félagsins 2008 og krefjast afturvirkra leiðréttinga. Áhrif á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin.

Breytingar á IAS 1, IFRS 2 og IFRS 3 sem taka gildi á næstu árum hafa væntanlega ekki áhrif á reikningsskil félagsins.

#### 4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

**a. Rekstrarfjármunir**

Gangvirði rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsvirði. Markaðsvirði fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í viðskiptum milli ótengdra, viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði annarra rekstrarfjármuna er byggt á markaðsverði sambærilegra eigna.



**b. Óefnislegar eignir**

Gangvirði óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu greiðsluflæði af notkun þeirra.

**c. Fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum**

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörsgangi.

**d. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur**

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsgangs.

**e. Afleiður**

Gangvirði afleiða er byggt á skráðu markaðsvirði þeirra, ef til er. Ef markaðsverð er ekki til, er gangvirði fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Fyrirtækið sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggja á upplýsingum frá virkum markaði.

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða, sem eru endurskoðaðar reglulega af hæfu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspeglu þau gögn sem notuð voru.

Áreiðanlegasta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á samskonar fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggja eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi færir fyrirtækið hagnað eða tap á upphaflegum skráningardeggi gerninga.

**f. Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður**

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarflæðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörsgangi.

**5. Stýring fjármáalegrar áhættu**

**a. Yfirlit**

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber að innleiða og hafa eftirlit með fjármáalegri áhættu félagsins. Stjórnin hefur stofnað áhættustýringamefnd sem ber ábyrgð á að móta áhættustefnu félagsins og hafa eftirlit með henni. Nefndin upplýsir stjórnina reglulega um starfsemi sína. Félagið fær einnig utanaðkomandi ráðgjöf sérfræðinga um áhættustýringu.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir er yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins. Með starfsmannaþjálfun stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

## **b. Lánsáhætta**

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagemingi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

### **(i) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur**

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu. Um 63% af tekjum félagsins eru vegna sölu á vörum og þjónustu til tveggja stærstu viðskiptamanna þess.

Félagið hefur sett útlánareglur þar sem allir nýir viðskiptamenn eru metnir. Greiðslusaga nýrra viðskiptamanna er könnuð og þeim settar hámarksúttektir.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við það og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur félagsins eru á einstaklinga, fyrirtæki, stómotendur og orkuver. Viðskiptamenn sem flokkaðir eru sem áhættusamir eða hafa nýtt útlánahámörk geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýmunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

## **c. Lausafjárahætta**

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Félagið hefur samið um yfirdráttarheimildir og hefur haft aðgang að lánalínum hjá þremur erlendum viðskiptabönkum. Ónýttar lánsheimildir nema 190 millj. kr. í lok árs 2007 (2006: 229 millj. kr.)

## **d. Markaðsáhætta**

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, álverðs og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálageminga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

### **(i) Gjaldmiðlagengisáhætta**

Félagið býr við gengisáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru bandaríkjadollar (USD), svissneskir frankar (CHF), evra (EUR) og japanskt jen (JPY).

Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlagengisáhættu, en ver þó einstaka stór viðskipti með framvirkum gjaldmiðlasamningum til skamms tíma.

Lántaka félagsins í erlendum gjaldmiðlum, einkum CHF, EUR, USD og JPY myndar gengisáhættu sem ekki er varin. Vextir af þessum lánum eru mun lægri en af lánum sem félagið tekur í íslenskum krónum.

**(ii) Vaxtaáhætta**

Lántökur félagsins eru allar með breytilegum vöxtum.

**(iii) Álverðsáhætta**

Félagið hefur gert raforkusölusamninga þar sem söluverð raforku byggir á markaðsverði áls á heimsmarkaði. Félagið ver sig ekki sérstaklega fyrir breytingum á álverði.

**(iv) Önnur markaðsverðsáhætta**

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

**e. Eiginfjárstýring**

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Stjórn félagsins hefur á undanförmum árum lagt til við aðalfund að um 33% hagnaðar hvers árs, að frádrögnum einkiptistekjum eða gjöldum, sé að jafnaði greiddur sem arður til hluthafa.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Ávöxtun eigin fjár reyndist vera 20,8% árið 2007 (20,1% árið 2006).

Engar breytingar urðu á stefnu um eiginfjárstýringu félagsins á árinu og félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

**f. Tekjurammi**

